

**Úrskurðir og álitamál  
vegna laga um grunnskóla  
nr. 66/1995**

*2. útg. með viðbótum*

*Menntamálaráðuneytið  
Ágúst 1998*

**Menntamálaráðuneytið: Skýrslur og álitserðir 1**

Ágúst 1998

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 5609500  
Bréfasími: 5623068  
Netfang: postur@mrn.stjr.is  
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun: XYZETA ehf.  
Mynd á forsiðu Guðmundur Páll Ólafsson  
úr bókinni *Ströndin*, Mál og menning 1995

© 1998 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-00-X

## Efnisyfirlit

Formáli .....	4
Úrskurðir og álitamál .....	5
Agi og brottrekstur úr skóla .....	5
Foreldraráð .....	12
Lok skyldunáms .....	17
Nám og kennsla .....	21
Rannsóknir og kannanir .....	25
Samræmd próf .....	26
Samvinna heimila og skóla .....	30
Sérkennsla og sérfræðipjónusta .....	32
Skólaakstur .....	40
Skólahúsnæði .....	41
Skólanefnd .....	42
Skólasel .....	44
Skólasókn .....	46
Starfsfólk grunnskóla .....	51
Starfstími grunnskóla .....	54
Undanþága frá skyldunámi .....	60
Þátttaka foreldra í kostnaði .....	63
Öryggismál .....	65
Önnur mál .....	68

## Formáli

Með setningu laga um grunnskóla nr. 66/1995 urðu miklar breytingar á skólahaldi hér á landi. Frá 1. ágúst 1996, þegar lögini komu að fullu til framkvæmda, fluttist ábyrgð á grunnskólalaldi alfarið frá ríki til sveitarfélaga og þau tóku t.d. við öllu mannahaldi í grunnskólum. Fræðsluskrifstofur á vegum ríkisins voru lagðar niður, samræmdum prófum fjölgaði og lögini kváðu á um foreldraráð við hvern skóla og skyldu til að gera skólanámskrá svo nokkur dæmi séu tekin.

Í kjölfar laganna voru settar nýjar reglugerðir um ýmis ákvæði laganna til að skýra málsmeðferð og framkvæmd. Jafnframt voru ýmsar eldri reglugerðir felldar úr gildi.

Eðlilegt er að við svo umfangsmiklar breytingar komi upp álitamál og ágreiningsefni sem ekki er tekið af skarið um í lögum eða reglugerðum. Menntamálaráðuneytinu hafa borist fjölmargar kærur, fyrirspurnir og beiðnir um úrskurði í vafamálum sem snerta skólalald og framkvæmd grunnskólalaganna.

Í mars 1997 gaf menntamálaráðuneytið út rit með safni úrskurða í álitamálum sem þá hafði verið vísað til ráðuneytisins. Á því rúma ári sem liðið er frá útgáfu ritsins hafa mörg ný mál bæst við. Þar sem fyrra safnrit yfir úrskurði í álitamálum þótti gagnlegt og upplýsinadi fyrir marga aðila sem standa að grunnskólum, var ákveðið að gefa út nýtt rit með safni úrskurða sem ráðuneytið hefur fellt í álitamálum sem snerta grunnskóla frá því að grunnskólalögini komu að fullu til framkvæmda.

Markmiðið með þessari útgáfu er að kynna úrskurði og afstöðu ráðuneytisins í álitamálum fyrir sveitarstjórnnum, skólanefndum, skólaskrifstofum, foreldrum, kennurum, nemendum og öðrum sem skólalald varðar.

Efni þessa rits er einnig að finna undir úrskurðir og svör á heimasíðu menntamálaráðuneytisins [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is)

# Agi og brottrekstur úr skóla

## Skólareglur og agi

Beint var til ráðuneytisins tilteknum spurningum er varða túlkun á 41. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995 og reglugerð nr. 385/1996 um skólareglur og aga.

Af þessu tilefni minnir ráðuneytið á álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 761/1993, en þar fjallaði umboðsmaður Alþingis m.a. um það hvaða ákvarðanir, sem kennara, skólastjórar og fræðslustjórar geta gripið til á grundvelli 57. gr. þágildandi grunnskólalaga, nú 41. gr. laga 66/1995, geti talist stjórnvaldsákvarðanir í skilningi 1. mgr. 1. gr. stjórnáskýringarlaga nr. 37/1993.

Í álitum umboðsmanns Alþingis segir eftirfarandi: „Eins og fram kemur í framangreindum lögskýringargögnum, fellur kennsla almennt ekki undir stjórnáskýringarlögin eða ákvarðanir, sem lúta að framkvæmd kennslu, svo sem um það hvaða námsefni skuli lagt til grundvallar við kennslu o.fl. Ákvarðanir um agaviðurlög og skyld úrræði geta aftur á móti fallið undir stjórnáskýringarlögin. Með hliðsjón af framangreindum ummælum í greinargerð verður væntanlega að telja, að hin vægari úrræði, sem notuð eru til að halda uppi aga og almennum umgengnisvenjum, teljist almennt ekki stjórnvaldsákvarðanir. Þannig verða ávítur og áminningar svo og brottvísun nemanda úr ákveðinni kennslustund almennt ekki talin stjórnvaldsákvarðanir. Væntanlega verður brottvísun úr skóla, það sem eftir er skóladags, heldur ekki talin það. Sú ákvörðun, að meina nemandan að sækja kennslutíma í ákveðnu fagi um nokkurt skeið eða víkja honum úr skóla í fleiri en einn skóladag, telst aftur á móti ákvörðun um slík réttindi og skyldur, þannig að hún fellur undir 2. mgr. 1. gr. stjórnáskýringarlaga nr. 37/1993.“

Við samningu reglugerðar nr. 385/1996 um skólareglur og aga hafði ráðuneytið hliðsjón af framangreindu álitum umboðsmanns Alþingis. Til frekari skýringar tekur ráðuneytið eftirfarandi fram: Ef um er að ræða ákvörðun um að meina nemandan að sækja kennslutíma í ákveðnu fagi um nokkurt skeið eða víkja honum úr skóla í fleiri en einn skóladag, ber skólastjórum við beitingu slíkra viðurlaga að gæta ákvæða stjórnáskýringarlaga sem og ákvæða grunnskólalaga og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Þannig ber þeim að gæta þess við ákvörðunartökuna að nemendum sé ekki mismunað við úrslausn sambærilegra mála sbr. 11. gr. stjórnáskýringarlaga, að gætt sé hófs við beitingu agaviðurlaga þannig að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til, sbr. 12. gr., og að fylgt sé málsmeðferðarreglum 41. gr. grunnskólalaga og ákvæða reglugerðar nr. 385/1996 um skólareglur og aga þ.m.t. að tilkynna forráðamönnum nemandan um að mál vegna agabrotá sé til meðferðar og gefa þeim og nemandanum kost á að tjá sig, sbr. 13. gr. stjórnáskýringarlaga. Við birtingu ákvörðunar um beitingu agaviðurlaga ber að gæta þess að hún sé skýr að efni til og að það sé t.d. ljóst hvort nemandan sé vikið úr skóla tímabundið eða að fullu, sbr. 20. gr. stjórnáskýringarlaga. Vakin er athygli á að aðilar máls eiga rétt á rökstuðningi fyrir ákvörðun, sbr. 21. og 22. gr. og jafnframt eiga þeir rétt á aðgangi að gögnum málsins sbr. 15.-17. gr. stjórnáskýringarlaga.

Þá minnir ráðuneytið á að samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 385/1996 ber skólastjóra að hafa forgöngu um að skólareglur séu settar. Skólareglurnar á að kynna og afhenda nemendum og forráðamönnum þeirra og birta í skólánámskrá skólans. Þær eiga að vera skýrar og afdráttarlausar og í þeim á að koma skýrt fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á reglunum. Í

skólareglunum á að kveða á um almenna umgengni og hegðun nemenda í skólanum; samskipti þeirra við starfsfólk skólans og skólasystkin; heilbrigðar og hollar lífsvenjur í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla. Þar skal einnig kveðið á um hvort heimilt sé að víkja nemanda úr skóla að fullu eða um stundarsakir ef um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er að ræða. Afar mikilvægt er að skólastjórar sjái til þess að skólareglur séu settar og að þær séu skýrar að efni til.

**Til svars við einstökum spurningum tekur ráðuneytið eftirfarandi fram.**

**1. *Hvenær ber skólastjóra að tilkynna skólanefnd og forráðamönnum um brottvísun hvort heldur er um stundarsakir eða alfarið?***

Skólastjóra ber að tilkynna forráðamönnum nemenda tafarlaust ef um það er að ræða að til greina komi að að víkja nemanda úr skóla í fleiri en einn skóladag. Takist skólastjóra ekki að leysa málið vísar hann því til úrlausnar skólanefndar, eigi síðar en viku frá því að ákvörðun um beitingu agaviðurlaga var tekin.

Tekið er skýrt fram í grunnskólalögum að óheimilt sé að víkja nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði. Lagaskylda hvílir á skólanefnd að sjá til þess að skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu, sbr. 12. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Skólastjóri getur því ekki án samráðs við skólanefnd tekið þá ákvörðun að vísa nemanda að fullu úr skóla, enda hafi nemandanum þá verið tryggt annað kennslúrræði og reynt hafi verið til þrautar að leysa mál með þeim hætti sem tilgreint er í lögum um grunnskóla og reglugerð um skólareglur og aga í grunnskólum.

**2. *Með hvaða hætti telur ráðuneytið að skólastjóri eigi að tilkynna fyrirnefndum aðilum brottvísunina?***

Mikilvægt er að ákvörðun sé skýr að efni til og að birting hennar gagnvart aðilum máls sé vafalaus. Þar sem um íþyngjandi ákvörðun er að ræða er með tilliti til réttaröryggis eðlilegt að ákvörðunin sé tilkynnt skriflega þar sem því verður við komið.

**3. *Telst þessi brottvísun hluti af þeirri kennsluviku sem heimilt er að vísa nemanda úr skóla um stundarsakir samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar?***

Já. Skólastjóri grunnskóla hefur einungis heimild til að vísa nemanda um stundarsakir úr skóla í eina kennsluviku.

**4. *Hefur skólastjóri viku umbóttunartíma meðan nemandinn er fjarverandi úr skóla til að vinna í málinu áður en skólanefnd hefst handa?***

Með vísan til svars við spurningu 1 hefst sá vikufrestur sem skólastjóri hefur til þess að leysa málið frá og með þeim degi sem ákvörðunin verður bindandi fyrir aðila, þ.e. komin til hans sbr. 2. mgr. 20. gr. stjórn-sýslulaga. Takist ekki að leysa málið innan skólans ber skólastjóra að vísa því til skólanefndar eigi síðar en viku eftir upphafstíma frestsins.

Þar sem ekki er heimilt að víkja nemanda úr skóla um stundarsakir lengur en eina kennsluviku og ekki víkja honum að fullu úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði verður skólinn því annaðhvort að taka við nemandanum að nýju í skólann um leið og skólanefnd tekur málið til skjótrar meðferðar eða finna tafarlaust nýtt kennslúrræði fyrir nemandann.

**5. Ber skólanefnd að hafa afskipti af málinu um leið og skólastjóri vísar nemanda úr skólanum um stundarsakir?**

Samkvæmt grunnskólalögum hefur skólastjóri allt að viku til að leysa málið áður en hann vísar því til skólanefndar. Því er óeðlilegt að skólanefnd hafi afskipti af málinu fyrr en skólastjóri hefur vísað málinu til nefndarinnar.

**6. Ef skólastjóri hefur viku til að finna lausn á málinu áður en skólanefnd hefst handa ber honum þá eftir að brottvísun hefur staðið í eina viku að veita nemandanum skólavist þar til skólanefnd hefur fundið lausn og málið hefur verið útkljáð annaðhvort í sátt við hlutaðeigandi, þ.e. foreldra eða ráðuneytið hefur úrskurðað í málinu?**

Eins og áður sagði hefur skólastjóri einungis heimild til að víkja nemanda úr skóla um stundarsakir í allt að viku, skv. reglugerð um skóla-reglur og aga í grunnskólum. Því ber honum að veita nemandanum skólavist að nýju að viku liðinni þar til úrskurður skólanefndar og/eða menntamálaráðuneytis liggur fyrir, nema að nemandanum hafi verið tryggt annað kennsluúrræði á þeim tíma.

(Júní 1997)

## Agi og brottrekstur úr skóla

### *Kærð ákvörðun skólastjóra um brottvísun nemanda*

Menntamálaráðuneytinu hefur borist erindi [móður] þar sem kærð er ákvörðun skólastjóra [grunnskóla X] að vísa [nemanda X] úr skóla. Telur móðirin að skólastjóri hafi ekki staðið á lögmætan hátt að brottrekstri nemandans og hafi hann ennfremur við meðferð valds síns ekki gætt meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna eða þeirra leiðbeiningarskyldu sem á honum hvílir einkum varðandi réttindi barnsins til sérstaks stuðnings í námi. Þá óskar hún ennfremur eftir úrskurði ráðuneytisins um hvort ein kennslustund á dag, þ.e.a.s fimm kennslustundir á viku, falli undir hugtak 4. mgr. 41. gr. grunnskólalaga um annað úrræði sem tryggja beri nemanda sem vikið er úr skóla. Í þriðja lagi óskar [móðirin] úskurðar ráðuneytisins um hvort heimilt sé að víkja nemanda úr skóla um stundarsakir lengur en eina viku án þess að hann hljóti annað kennsluúrræði.

Af þessu tilefni telur ráðuneytið rétt að áréttu að ákvörðun um brottvísun nemanda úr skóla telst stjórnsýsluákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og ber því við meðferð slíkra mála að gæta reglna stjórnsýslulaga. Þá ber ennfremur að gæta sérstaklega að málsmeðferðarreglu 41. gr. grunnskólalaga við meðferð slíkra mála.

Með vísan til 3. mgr. 41. gr. grunnskólalaga sem og 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga framsendist erindi [móður] til skólanefndar [sveitarfélags X] til úrlausnar.

(Mars 1997)



# Agi og brottrekstur úr skóla

## Tímabundin brottvísun úr skóla

Vísað er til máls er varðar brottvísun nemanda úr [grunnskóla X].

Í bréfinu er rakinn gangur málsins. Skólastjóri [grunnskóla X] vísaði nemandanum úr skóla 9. október 1997. Skólastjóri vísaði málinu til skólanefndar. Á fundi nefndarinnar 13. október 1997 féllst skólanefndin á að skólastjóri hefði haft ástæðu til þess að vísa nemandanum tímabundið úr skóla. Á fundinum samþykkti skólanefnd að vísa málinu til Skólaskrifstofu með bréfi dags. 14. október 1997. Skólaskrifstofa vísaði málinu til barnaverndarnefndar í [sveitarfélagi X] þar sem nemandinn á lögheimili, en sú nefnd vísaði málinu til barnaverndarnefndar í [sveitarfélagi Y], þar sem nemandinn hefur búsetu. Skólanefnd ber því við að meðan málið sé hjá barnaverndarnefnd muni hún ekki aðhafast í málinu.

Í niðurlagi bréfsins er kynnt sú afstaða skólanefndar [grunnskóla X] að málið sé komið á það stig að fara skuli eftir ákvæðum 3. mgr. 6. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

Í 41. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og í reglugerð nr. 385/1996 um skólareglur og aga kemur skýrt fram hvernig taka skuli á málum ef nemandi brýtur skólareglur. Kennara ber að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamenn hans eins og segir í 2. mgr. 41. gr. grunnskólalaga. Verði samt ekki breyting á til batnaðar þrátt fyrir að kennari hafi fengið aðstoð skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans við að leysa málið, eins og grunnskólalögin gera ráð fyrir, og mál er óútkljáð, getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Takist ekki að leysa málið innan skólans tekur skólanefnd það til meðferðar.

Skyldur skólanefndar þess grunnskóla þar sem nemendur stunda nám eru skýrar. Hafi nemanda verið vikið úr skóla tímabundið ber skólanefnd að sjá til þess, í síðasta lagi að viku liðinni, að nemandinn komi í skólann eða honum sé fundið annað kennsluúrræði.

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að samkvæmt 4. mgr. 41. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla er óheimilt að vika nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði. Ábyrgð á að tryggja nemanda annað úrræði hvílir ótvírætt á skólanefnd. Þessari skyldu getur skólanefnd ekki vísað til skólaskrifstofu eða barnaverndarnefndar.

Takist skólanefnd ekki að leysa málið þannig að allir aðilar þess verði á sáttir fer um frekari meðferð þess skv. 3. mgr. 6. gr. þessara laga, að fenginni umsögn frá sérfræðipjónustu á vegum sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið lítur svo á að ekki sé fullreynt um lausn málsins á vettvangi skólanefndar og því sé málið ekki komið til kasta ráðuneytisins samkvæmt 3. mgr. 6. gr. grunnskólalaganna.

Menntamálaráðuneytið fellst ekki á það sjónarmið að skólavist umrædds nemanda í [grunnskóla X] sé „annað úrræði“ í skilningi 41. gr. grunnskólalaga. Fræðslufirvöld í [sveitarfélagi X] og í [grunnskóla X] hafa gert með sér samkomulag um skólavist nemandans. Eftir að hann hóf skólagöngu í [grunnskóla X] nýtur hann sömu stöðu og réttinda og aðrir nemendur í skólanum á meðan samningurinn gildir.

(Nóvember 1997)

# Agi og brottrekstur úr skóla

## Viðurlög vegna agabrots

Oskað var álit ráðuneytisins á máli er varðar brottrekstur [nemanda], úr skóla í þrjá daga og þeirri ákvörðun kennarafundar 15 dögum síðar að meina [nemanda] að sækja skólaskemmtanir á vegum skólans til áramóta. Ekki var gerð athugasemd við brottreksturinn, heldur þá ákvörðun kennarafundar 15 dögum eftir umrætt brot [nemanda] að meina honum aðgang að skólaskemmtunum og bent á að ekki væri heimild fyrir slíkum refsingum í skólareglum [viðkomandi skóla].

Skólastjóri [skólans] tilkynnti sama kvöld um brot [nemandans] og tjáði jafnframt að hann yrði ekki rekinn úr skóla vegna þessa. 15 dögum síðar ákvað kennarafundur að víkja [nemandanum] úr skóla í þrjá daga og jafnframt að honum væri bannað að sækja skólaskemmtanir skólans fram að áramótum.

Menntamálaráðuneytið tók undir það álit málshefjanda að óeðlilega langur tími hafi liðið frá broti [nemandans] og þar til tilkynning berst um refsingu hans en eins og fram kemur í úrskurði menntamálaráðuneytisins frá júní 1997 ber skólastjóra að tilkynna forráðamönnum nemenda tafarlaust ef um það er að ræða að til greina komi að víkja nemanda úr skóla í fleiri en einn skóladag.

Jafnframt benti ráðuneytið á að í 3. gr. reglugerðar nr. 385/1996 um skólareglur og aga í grunnskólum segði: „Skólastjóri hefur forgöngu um að skólareglur séu settar. Skólareglurnar skulu kynntar og afhentar nemendum og forráðamönnum þeirra og birtar í skólanámskrá. Þær skulu vera skýrar og afdráttarlausar og í þeim skal skýrt koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á reglunum.“

Í afriti af skólareglum [skóla X] kom fram að heimilt sé að víkja nemanda úr skóla um stundarsakir eða að fullu við endurtekin eða alvarleg brot á skólareglum. Ekki er vikið að öðrum viðurlögum við brotum á skólareglunum.

Í fyrrnefndum úrskurði ráðuneytisins frá júní 1997 segir: „Ef um er að ræða ákvörðun um að meina nemanda að sækja kennslutíma í ákveðnu fagi um nokkurt skeið eða víkja honum úr skóla í fleiri en einn skóladag, ber skólastjórum við beitingu slíkra viðurlaga að gæta ákvæða stjórnáráðslulaga sem og ákvæða grunnskólalaga og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.“ Einnig er í úrskurði ráðuneytisins bent á að aðilar máls eigi rétt á rökstuðningi fyrir ákvörðun, sbr. 21. og 22. gr. stjórnáráðslulaga.

(Desember 1997)

# Agi og brottrekstur úr skóla

## Skólareglur- punktakerfi

[Grunnskóli X] fór fram á athugun menntamálaráðuneytisins á punktakerfi skólans sem notað er til að veita nemendum aðhald í hegðun og umgengni í skólanum og birt er í Skólabók veturinn 1997-98.

Ráðuneytið bendir á að í reglugerð nr. 385/1996 um skólareglur og aga í grunnskólum er að finna ákvæði sem vísa veginn um hvaða atriði þurfa einkum að koma fram í skólareglum, um hverskonar brot skuli setja viðurlög í skólareglur og hvernig staðið skuli að birtingu og kynningu á skólareglum.

Ekki virðist fullt samræmi í öllum tilvikum milli skólareglna [grunnskóla X] og svokallaðs punktakerfis skólans. Sem dæmi má nefna að nemandi fær refsipunkta fyrir að vera vísað úr kennslustund en ekki er tilgreint í skólareglunum fyrir hvaða athæfi má vísa nemanda úr tíma samanber 5. gr. reglugerðar um skólareglur og aga.

Ráðuneytið áréttar að við beitingu agaviðurlaga verður að gæta meðalhófs. Brottvísun úr skóla um stundarsakir, þ.e. að hámarki í vikutíma, er úrræði sem ekki má beita nema allt annað hafi reynst árangurslaust samanber 2. og 3. mgr. 41. gr laga nr. 66/1995 um grunnskóla og 6. gr. reglugerðar um skólareglur og aga. Óheimilt er að víkja nemanda úr skóla um lengri tíma nema honum sé tryggt annað kennsluúrræði.

Í þessu sambandi minnir ráðuneytið á álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 761/1993 en þar segir m.a: „Eins og fram kemur í framangreindum lögskýringargögnum, fellu kennsla almennt ekki undir stjórnvöldum eða ákvarðanir, sem lúta að framkvæmd kennslu, svo sem um það hvaða námsefni skuli lagt til grundvallar við kennslu o.fl. Ákvarðanir um agaviðurlög og skyld úrræði geta aftur á móti fallið undir stjórnvöldum. Með hliðsjón af framangreindum ummælum í greinargerð verður væntanlega að telja, að hin vægari úrræði, sem notuð eru til að halda uppi aga og almennum umgengnisvenjum, teljist almennt ekki stjórnvaldsákvarðanir. Þannig verða ávítur og áminningar svo og brottvísun nemanda úr ákveðinni kennslustund almennt ekki talin stjórnvaldsákvarðanir. Væntanlega verður brottvísun úr skóla, það sem eftir er skóladags, heldur ekki talin það. Sú ákvörðun, að meina nemanda að sækja kennslutíma í ákveðnu fagi um nokkurt skeið eða víkja honum úr skóla í fleiri en einn skóladag, telst aftur á móti ákvörðun um slík réttindi og skyldur, þannig að hún fellur undir 2. mgr. 1. gr. stjórnvöldum nr. 37/1993.“

(Febrúar 1998)

## Foreldraráð

### *Um stofnun foreldraráða við grunnskóla*

Í 16. gr. laga nr 66/1995 um grunnskóla er nýtt ákvæði um foreldraráð. Þar er m.a. sagt að skólastjórinn sé „ábyrgur fyrir stofnun þess.“

Vegna fyrirspurna frá skólastjórum vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi: Skólastjóra ber að sjá til þess að foreldraráð sé stofnað. Löggin segja þó ekki til um það á hvern hátt skólastjóri skuli standa að kosningunni.

Ef starfandi er foreldrafélag við skólann telur ráðuneytið eðlilegt að skólastjóri snúi sér til stjórnar þess enda eru foreldraráðin hugsuð sem formlegur vettvangur fyrir foreldra og samtök þeirra. Aðalfundur foreldrafélags eða almennur félagsfundur sem boðað er til samkvæmt lögum viðkomandi félags er heppilegur vettvangur til að kjósa fulltrúa í foreldraráð.

Ef ekki er starfandi foreldrafélag eða ef foreldrar bregðast ekki við ítrekuðum tilmælum skólastjóra um að stofna foreldraráð, ber skólastjóra að hafa forgöngu um kosningu fulltrúa foreldra í foreldraráð. Skólastjóri verður þá að meta hvaða aðferð fullnægir kröfum um lýðræðislegt val.

Bent skal á að nauðsynlegt er að kjósa varamenn um leið og kosning aðalmanna fer fram. Að öðru leyti er val á fulltrúum í ráðið og starfshættir foreldraráðs í höndum foreldra svo og ákvörðun um hvort sækja skuli um undanþágu til menntamálaráðuneytisins frá því að stofna foreldraráð sbr. síðustu málsgrein 16. gr. grunnskólalaga.

(September 1995)

## Foreldraráð

### *Undanþága frá stofnun foreldraráðs*

Foreldrafélag [grunnskóla X] og skólastjóri báðu um undanþágu frá því að stofna foreldraráð samkvæmt 16. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

Foreldraráð hafa verið stofnuð við flesta grunnskóla landsins. Nokkrir fámennir skólar hafa fengið undanþágu frá stofnun foreldraráðas, enda er heimildarákvæði í 16. gr. grunnskólalaga þess efnis.

Í ljósi upplýsinga sem koma fram í bréfi yðar heimilar menntamálaráðuneytið [grunnskóla X] að fá undanþágu frá stofnun foreldraráðs skólaárið 1996-97. Ráðuneytið væntir þó þess að Foreldrafélag skólans sinni jafnframt hlutverki foreldraráðs, veiti a.m.k. umsögn um skólanámskrá skólans.

(Febrúar 1997)

## Foreldraráð

### Hæfi til setu í foreldraráði við grunnskóla

Spurt var um vanhæfi ýmissa hópa til að sitja í foreldraráði við grunnskóla. Í 16. gr. laga um grunnskóla segir m.a. „Í foreldraráði sitja þrír foreldrar sem ekki eru starfsmenn skólans.“ Ekki er í lögnum nánar fjallað um hverjir geti setið í foreldraráði, en ljóst að löggjafinn ætlast ekki til að starfsmenn skólans sitji í foreldraráðinu. Eftirfarandi er túlkun ráðuneytisins á 16. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.

1. **Seta kennara og skólastjórnenda í foreldraráði er andstæð 16. gr. grunnskólalaga. Skólastjóri starfar með foreldraráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum.**
2. **Foreldraráði er m.a. ætlað það hlutverk að fjalla um og gefa umsögn til skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólalaga, sbr. 3. mgr. 16. gr., 4. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 13. gr. grunnskólalaga. Ráðuneytið telur sýnt að seta fulltrúa í skólanefnd í foreldraráði sé andstæð meginmarkmiðum framangreindra lagaákvæða, enda gæti komið upp sú staða að skólanefndarmaður sem sæti á í foreldraráði þurfi að gefa umsögn um áætlanir sem hann hefur staðið að í skólanefnd.**
3. **Þar sem foreldraráði er m.a. ætlað að fjalla um áætlanir um skólalaga er alla jafna óæskilegt að starfsfólk skóla sem vinnur við ræstingar, húsvörslu, skólaakstur, viðhald og mótuneyti eigi setu í foreldraráði, enda gæti starfsfólkið ekki setið fundi ráðsins ef fjallað er um þá þætti skólalags sem með einhverjum hætti snerta starfsvið þess. Ráðuneytið telur því rétt að túlka ákvæði 2. mgr. 16. gr. grunnskólalaga rúmt, þannig að alla jafna sitji annað starfsfólk skólans en kennarar, s.s. ritara, skólabilstjórar, ræstingafólk og húsverðir, ekki í foreldraráði.**
4. **Óeðlilegt er að sveitarstjórnarmenn sitji í foreldraráði við skóla í því sveitarfélagi þar sem þeir sitja í sveitarstjórn, einkum eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaga, en þeir bera ábyrgð á skólalaga og taka ákvarðanir um fjárveitingar og bregðast við tillögum skólanefndar og skólastjóra.**
5. **Ráðuneytið telur að makar allra starfsmanna skólans, skólanefndarmanna og sveitarstjórnarmanna geti að öllu jöfnu setið í foreldraráði. Allir þessir aðilar sem getið er um í spurningum 1-5 eru á hinn bóginn kjörgengir í foreldraráð við aðra grunnskóla þar sem þeir eiga börn.**

(Mars 1996)

## Foreldraráð

### *Hæfi til setu í foreldraráði*

Oskað var eftir úrskurði ráðuneytisins varðandi kosningu í foreldraráð. Í fyrsta lagi er spurt um réttmæti þess að húsvörður við félagsheimili, sem að hluta er notað til kennslu, sitji í foreldraráði.

Í 16. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 segir m.a. „Í foreldraráði sitja þrír foreldrar sem ekki eru starfsmenn skólans.“ Ekki er í lögum nánar fjallað um hverjir geti setið í foreldraráði en ljóst er að ekki er ætlast til þess að starfsmenn skólans sitji í foreldraráði. Í úrskurði menntamálaráðuneytisins um hliðstæð mál frá því í mars 1997 segir orðrétt: „Þar sem foreldraráði er m.a. ætlað að fjalla um áætlanir um skólalag er alla jafna óæskilegt að starfsfólk skóla sem vinnur við ræstingar, húrvörslu, skólaakstur, viðhald og mótuneyti eigi setu í foreldraráði, enda gæti starfsfólkið ekki setið fundi ráðsins ef fjallað er um þá þætti skólastarfs sem með einhverjum hætti snerta starfsvið þess. Ráðuneytið telur því rétt að túlka ákvæði 2. mgr. 16. gr. grunnskólalaga rúmt, þannig að alla jafna sitji annað starfsfólk skólans en kennarar, s.s. ritarar, skólabilstjórar, ræstingafólk og húsvörðir, ekki í foreldraráði.“

Þrátt fyrir að húsnæði félagsheimilisins sé notað að hluta í þágu grunnskólans, má líta svo á að húsvörður félagsheimilisins sé ekki húsvörður grunnskóla og því ekki starfsmaður skólans. Í ljósi þessa gerir ráðuneytið ekki athugasemdir við að húsvörður í Félagsheimilinu [X] sitji í foreldraráði skólans. Ráðuneytið telur því að ekki sé nauðsynlegt að kjósa að nýju í foreldraráð Grunnskóla [X] af þessum sökum.

Í öðru lagi er spurt um hversu marga varamenn skuli kjósa í foreldraráð. Engin ákvæði eru um kosningu varamanna í foreldraráð í 16. gr. laga um grunnskóla. Enda þótt foreldraráð séu ekki stjórnáráðuneyti í skilningi 32. gr. stjórnáráðuneytis nr. 37/1993, sýnist rétt að hafa hliðsjón af þeirri grein varðandi kosningu varamanna í foreldraráð. Í dreifibréfi til skólastjóra grunnskóla 12. sept. 1995 um stofnun foreldraráða, kom ráðuneytið á framfæri ábendingu um þetta atriði. Þar segir: „Bent skal á að nauðsynlegt er að kjósa varamenn um leið og kosning aðalmanna fer fram. Að öðru leyti er val á fulltrúum í ráðið og starfshættir foreldraráðs í höndum foreldra.“

(Desember 1997)

## Foreldraráð

### *Starfsreglur foreldraráða*

Heimili og skóli kynntu ráðuneytinu drög að starfsreglum til viðmiðunar fyrir foreldraráð grunnskóla. Óskað var umsagnar ráðuneytisins við þau.

Ákvæði grunnskólalaga sem gilda um foreldraráð eða varða hlutverk foreldraráða koma fram í drögum. Menntamálaráðuneytið telur ekki rétt að það tjái sig efnislega um drög að þessum reglum enda fjalla þau um mál sem eru á valdi foreldra sjálfra að ákveða.

(Febrúar 1997)

## Foreldraráð

### Umsagnarréttur foreldraráða

Oskað var eftir túlkun menntamálaráðuneytisins á nokkrum atriðum er varða foreldraráð samkvæmt 16. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.

Í lögunum er ekki gert ráð fyrir því að sett sé reglugerð um starfsemi foreldraráða en í frumvarpi til laga um grunnskóla sem lagt var fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994 er allmikil greinargerð um foreldraráð. Landssamtökin Heimili og skóli gáfu út sl. haust ritið Foreldraráð. Hugmyndir um stofnun og starfsemi foreldraráða við grunnskóla. Ráðuneytið hefur ekki gert athugasemdir við túlkun Heimilis og skóla á 16. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og hefur ráðuneytið m.a. keypt upplag af ritinu til dreifingar í alla grunnskóla landsins.

Í 12. og 13 gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 eru ákvæði um skólanefndir og hlutverk þeirra. Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni. Skólanefnd skal kosin af hlutadeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum í upphafi hvers kjörtímabils. Verkefni skólanefndar eru margvísleg eins og fram kemur m.a. í 12. grein laganna. Nefndin getur einnig gert tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur í skólamálum en hefur ekki vald samkvæmt lögunum til að taka ákvörðun í slíkum málum. Sveitarstjórnir geta hins vegar falið skólanefnd ýmis verkefni umfram það sem beinlínis er kveðið á um í lögum en höfuðábyrgðin liggur hjá sveitarstjórnnum.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um grunnskóla nr. 66/1995 segir m.a.: „Foreldraráði er ætlað að fylgjast með skólanámskrá og öðrum áætlunum um skólahald. Foreldraráð skal fá áætlanir um skólahald til umsagnar í tæka tíð til að hægt sé að taka athugasemdir þess til greina. Hér er átt við t.d. áform um skólabyggingar, viðhald og aðrar framkvæmdir, búnað skóla og skólaakstur.“ Menntamálaráðuneytið telur því eðlilegt að sveitarstjórnir sendi foreldraráðum áætlanir sínar í skólamálum til umsagnar áður en ákvarðanir eru teknar. Hins vegar er ljóst að sveitarstjórn ber ábyrgð á rekstri grunnskóla en grunnskólalögin tryggja umsagnarrétt foreldraráða.

(Apríl 1996)

## Foreldraráð

### *Valdsvið foreldraráða við grunnskóla*

Með grunnskólalögum nr. 66/1995 var kveðið á um aukin áhrif foreldra á skólastarf. Með foreldraráðum er verið að mynda formlegan vettvang til að koma sjónarmiðum foreldra varðandi innihald og áherslur á starfi skólans og skipulagi skólahalds á framfæri við stjórn skólans. Af 3. mgr. 16. gr. grunnskólalaga er ljóst að foreldraráð á þannig að fjalla um og gefa umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgjast með að þær áætlanir séu kynntar foreldrum svo og með framkvæmd þeirra.

Í greinargerð með 16. gr. grunnskólalaga kemur skýrt fram að foreldraráðum er ætlað að fylgjast með skólanámskrá og öðrum áætlunum um skólahald.

Foreldraráðin skulu fá áætlanir um skólahald til umsagnar í tæka tíð til að hægt sé að taka athugasemdir þess til greina. Með þessu er átt við til dæmis áform um skólabyggingar, viðhald og aðrar framkvæmdir, búnað skóla og skólaakstur. Þá er gert ráð fyrir að í skólanámskrá sé fjallað um atriði sem varða innra starf skólans svo sem skipulag náms og kennslu, skólareglur, öryggismál, skólatíma, skóladagatal, námsmat, mat á skólastarfi, endurmenntun kennara, félagslíf í skólanum og annað sem varðar starfsemi skólans. Foreldraráð eiga að hlutast til um að skólanámskráin sé kynnt öllum foreldrum við skólann og að áætlunum hennar sé framfylgt. Þá ber skólastjóra að veita foreldraráði upplýsingar um skólastarfið og niðurstöðu mats á mati skólans.

Með 16. gr. grunnskólalaga er foreldraráðum veittur réttur til umsagnar og jafnframt að vera upplýst um helstu þætti skólahaldsins. Tilgangur þessa lagaákvæðis er tvíþættur, annars vegar að upplýsa foreldra um starf skólans og hins vegar að styrkja stöðu foreldra til þess að hafa áhrif á starfsemi skólans. Foreldrar geta þannig í vissum skilningi haft eftirlit með starfi skólans og þeim þáttum sem þeim finnast skipta máli varðandi framkvæmd skólahalds. Í ljósi ofangreinds telur ráðuneytið eðlilegt að líta svo á að foreldraráð hafi að þessu marki eftirlitshlutverk með starfsemi skóla enda þótt ráðunum séu ekki veittar formlegar eftirlitsskyldur eða úrræði til þess að framfylgja eftirliti með skólahaldi önnur en ábendingar til æðra stjórnvalds. Hitt er rétt, að eftirlitsskylda með starfi grunnskóla hvílir á menntamálaráðuneytinu.

(Febrúar 1997)



## Lok skyldunáms

### Frestun á lokum skyldunáms

Spurst var fyrir um heimild skólastjóra til að heimila nemandan að fresta lokum skyldunáms á grundvelli 35. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

Í 4. málsgrein 35. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla er skólastjóra veitt heimild til að leyfa nemandan að hverfa tímabundið frá námi að loknum 9. bekk. Löggin veita skólastjóra þessa heimild enda liggi fyrir umsókn eða samþykki foreldra/forráðamanna. Skilyrði sem löggin setja eru þau að frestun á lokum skyldunáms sé til komin vegna þátttöku í atvinnulífi og að veita megi frest í eitt ár að hámarki.

Nauðsynlegt er að tilkynna þeim aðila sem sér um framkvæmd samræmdra lokaprófa ef skólastjóri heimilar frestun á lokum skyldunáms að loknum 9. bekk. Ráðuneytið telur ennfremur nauðsynlegt með tilvísun í 12. grein grunnskólalaga nr. 66/1995, að skólanefnd sé tilkynnt um slíka frestun og æskilegt að nefndin sé höfð með í ráðum áður en heimild er veitt, enda ber henni að sjá til þess að viðkomandi nemandi komi aftur í skólann og ljúki skyldunámi.

(Mars 1997)

## Lok skyldunáms

### Skil til framhaldsskólans

Skólaskrifstofa [X] beindi eftirfarandi fyrirspurn til mennramálaráðherra.

Spurt var um námsframboð á heimaslóð fyrir þá sem eru verst staddir í námi.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla skulu allir nemendur eiga kost á námi við hæfi í framhaldsskóla og hafa þeir leitast við að fullnægja þessu ákvæði eftir því sem eftirspurn hefur gefið tilefni til og aðstæður hafa leyft.

Varðandi þetta er Skólaskrifstofu [X] bent á að koma ábendingum sínum og mati á þörf á framfæri við [Framhaldsskóla X í héraðinu].

(Nóvember 1997)

# Lok skyldunáms

## Útskrift úr grunnskóla- seinkun á námi

Nokkrum fyrirspurnum um lok grunnskóla var beint til menntamálaráðuneytisins.

**1. Hvenær lýkur nemandi, sem kennt hefur verið lengst af samkvæmt einstaklingsnámskrá, grunnskóla?**

Nemandi, sem fellur undir 48. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, lýkur grunnskóla á því almanaksári sem hann verður 16 ára, nema um kennslu hans fari samkvæmt 35. gr. sömu laga. Um námsmat og útskrift úr grunnskóla fer samkvæmt reglugerð nr. 709/1996 um námsmat nemenda sem víkja svo frá almennum þroska að þeim henta ekki samræmd próf.

**2. Er yfirleitt unnt að tala um að seinka nemanda sem kennt er samkvæmt einstaklingsnámskrá og fellur undir 48. gr. laga nr. 66/1995?**

Nemandi, sem fellur undir 48. gr. grunnskólalaga, er í sérskóla/sérdeild og er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá, fer með þeim námshraða sem hæfir honum að mati kennara og sérfræðinga. Flýting eða seinkun í námi í sama skilningi og þegar nemanda er flýtt eða seinkað um bekk, á því ekki við.

**3. Er sveitarstjórn skylt að greiða skólakostnað vegna nemanda í 10. bekk sem hefur verið seinkað í námi fyrr á skólaferlinum og er því orðinn eldri en 16 ára þegar hann kemur í 10. bekk?**

Í 35. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla er kveðið á um hvernig fara skuli með flýtingu eða seinkun við upphaf skólagöngu og flýtingu við lok grunnskólanáms. Í lögnum er hvorki heimilað né bannað að flýta eða seinka nemanda í námi á miðri skólagöngu. Sé nemanda seinkað um bekk á skólagöngunni með samþykki viðkomandi skólayfirvalda, er það væntanlega gert á þeim forsendum að hann þurfi lengri tíma en þorri nemenda til að ná markmiðum grunnskólanámsins. Hann lýkur því grunnskólanámi síðar og skólavist hans er á ábyrgð sveitarfélags á meðan hann telst vera í grunnskóla.

**4. Samþykki skólastjóri að nemanda sé seinkað í námi um eitt ár, skuldbindur hann þá sveitarfélagið til þess að greiða allan grunnskóla-kostnað þess nemanda seinasta árið eins og um venjulegan grunnskólanemanda væri að ræða?**

Sjá svar við 3. spurningu hér að ofan. Komi til álita að seinka nemanda um bekk á miðri skólagöngu t.d. að ráði sérfræðipjónustu skóla, er eðlilegt að skólastjóri kynni afleiðingar þess og hugsanlegan kostnaðarauka fyrirfram fyrir sveitarstjórn og skólanefnd og afli samþykkis þeirra samanber 12. gr. grunnskólalaganna. Hið sama á við er skólastjóri nýtir heimild í 2. mgr. 35. gr. til að flýta eða seinka upphafi skólagöngu. Nemendur, sem hefur verið seinkað um bekk en falla ekki undir 48. gr. grunnskólalaga, eiga að ljúka grunnskólanámi og útskrifast þegar þeir hafa lokið 10. bekk.

(Desember 1997)

## Lok skyldunáms

### *Skyldunámi lokið erlendis*

Spurst var fyrir um hvort nemandi sem lokið hefði 9. bekk í Danmörku kæmist í framhaldsskóla hér á landi.

Almenna reglan er sú að nemandi sem lýkur grunnskóla annars staðar á Norðurlöndum, er álitinn hafa lokið skyldunámi. Inntaka nemenda í framhaldsskóla er hins vegar í höndum skólameistara viðkomandi skóla. Miðað við núverandi inntökuskilyrði í framhaldsskóla, hafa ekki verið nein vandkvæði á því að nemendur sem koma úr skólum á Norðurlöndum, fái viðurkenningu framhaldsskóla á námi sínu. Ef vitað er í hvaða framhaldsskóla nemandi muni fara þegar hann flyst aftur til Íslands, er ráðlegt að hafa samband við skólann, kynna þær áætlanir sem fyrir liggja og fá nánari upplýsingar.

(Maí 1997)

## Lok skyldunáms

### *Frestun á lokum skyldunáms við Vesturhlíðarskóla*

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra óskaði eftir því að menntamálaráðuneytið hlutaðist til um að námsdvöl nemanda við Vesturhlíðarskóla yrði framlengd um eitt ár.

Nokkur hluti nemenda sem lýkur grunnskóla á ári hverju hefur ekki nægan undirbúning til að takast á við hefðbundið framhaldsskólanám. Fyrir þessa nemendur hafa nokkrir framhaldsskólar komið á fót fornámi svo nemendur geti undirbúið sig til að takast á við nám í framhaldsskóla. Á þessum brautum er áhersla m.a. lögð á að auka færni nemenda í námsgreinum til samræmdra prófa.

Bent er á þessa námsleið fyrir umrædda nemendur í Vesturhlíðarskóla og jafnframt á rétt nemenda til táknmálstúlkunar. Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur sérhæft sig í kennslu heyrnarlausra og heyrnarkertra nemenda á framhaldsskólastigi.

Heimild til lengingar eða styttingar á námsdvöl nemenda í grunnskólum er ekki á valdi ráðuneytisins heldur þurfa foreldrar, skólastjórnendur og fulltrúar viðkomandi sveitarfélags að vera á einu máli um að það sé nemandanum fyrir bestu að námsvöl í grunnskóla verði stytt eða lengd.

(Júní 1987)

# Lok skyldunáms

## Útskrift úr grunnskóla

Oskað var úrskurðar menntamálaráðuneytisins á skólagöngu nemanda sem lauk ekki 10. bekk vegna veikinda.

Í greinargerð sérkennslufulltrúa kemur fram að nemandinn var í 10. bekk í [grunnskóla X] skólaárið 1997-98 og naut sérúrræða vegna fötlunar. [Nemandinn] sótti ekki skólann frá 9. janúar 1998 vegna veikinda.

Af lýsingu á málavöxtum má ráða að umrætt tilvik falli líklega undir 48. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Samkvæmt því lýkur [nemandinn] grunnskóla á því almanaksári sem hann verður 16 ára, nema um kennslu hans fari samkvæmt 35. gr. sömu laga. Um námsmat og útskrift úr grunnskóla fer þá samkvæmt reglugerð nr. 709/1996 um námsmat nemenda sem víkja svo frá almennum þroska að þeim henta ekki samræmd próf. Grunnskólanum sem þeir eru innritaðir í, ber að fá þeim skírteini til staðfestingar á að þeir hafi lokið skyldunámi og færa í skírteinið vitnisburð skólans í þeim námsgreinum sem nemandinn lagði stund á í 10. bekk samanber 47. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, ásamt skýringum á því hvers vegna nemandinn gekkst ekki undir samræmd lokapróf samanber 48. gr. sömu laga og 15. gr. reglugerðar nr. 516/1996 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum.

Með hliðsjón af niðurstöðu ráðuneytisins frá desember 1997 um útskrift úr grunnskóla er ljóst að sveitarfélagi ber ekki skylda til að kosta nám nemenda sem hafa lokið skyldunámi. Sveitarstjórn getur þó samþykkt að nemanda sé seinkað í námi og ber þá kostnað af skólavist hans þar til hann hefur lokið grunnskóla.

Inntaka nemenda í framhaldsskóla er í höndum viðkomandi skóla og á ábyrgð skólameistara.

(Júlí 1998)

## Nám og kennsla

### *Kristin fræði, trúarbragðafræðsla í grunnskólum*

Menntamálaráðuneytinu hefur borist fyrirspurn þess efnis hvort heimilt sé samkvæmt lögum að kenna Búddatrú í kristinfræðitímum.

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995 er tekið fram í 30. gr. að í aðalnámskrá grunnskóla skuli setja ákvæði um inntak og skipulag náms m.a. í kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði. Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 1989 kemur skýrt fram í kafla um kristin fræði að kenna eigi um önnur trúarbrögð og lífsskoðanir en kristna trú. Meginviðfangsefnin í þeirri fræðslu eiga að vera helstu trúarbrögð heims og önnur lífsviðhorf í samtímanum. Leggja skal áherslu á mun á þeim og kristinni trú. Þar sem fjallað er um kennslu í 7.-9. bekk (8.-10. bekk) um helstu trúarbrögð heims kemur fram að fjalla eigi um megininntak Gyðingdóms, Íslams, Hindúisma og Búddisma.

(Júní 1995)

## Nám og kennsla

### *Námsefni handa íslenskum nemendum erlendis*

Óskað var eftir upplýsingum um námsefni handa íslenskum nemanda búsettum erlendis. Menntamálaráðuneytið hefur nýlega gefið út Leiðarvísi um íslenskukennslu erlendis á grunnskólastigi í samvinnu við Skruddu, félag móðurmálskennara á Norðurlöndum. Menntamálaráðuneytið hefur styrkt Skruddu vegna kennslunnar á Norðurlöndum á undanförunum árum og félagið hefur tekið saman ýmsar upplýsingar handa kennurum erlendis, en á Norðurlöndum eiga flestir íslenskir nemendur rétt á íslenskukennslu sem kostuð er af viðkomandi ríki.

Námshagnastofnun á Íslandi veitir 80% afslátt af námsefni til íslenskra nemenda sem búsettir eru erlendis og hentugast er að snúa sér beint til stofnunarinnar vegna pöntunar á bókum (Námshagnastofnun, Laugavegi 166, 105 Reykjavík s. 5528088).

(Ágúst 1995)

## Nám og kennsla

### *Um norsku- og sænskukennslu í grunnskólum*

Í 30. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla er tekið fram að danska skuli vera skyldunámsgrein en annað Norðurlandamál geti komið í stað hennar.

Með bréfi menntamálaráðherra frá 11. mars 1988 var ákveðið hvernig staðið skyldi að kennslu í norsku og sænsku í stað dönskukennslu. Þar var m.a. tekið fram að heimilt væri að kenna þeim nemendum grunnskóla norsku eða sænsku sem dvalið hefðu í Noregi eða Svíþjóð það lengi að þeir hefðu öðlast góða kunnáttu í þessum tungumálum. Hið sama gilti um nemendur sem áttu norska eða sænska foreldra.

Eftir þessum reglum hefur verið starfað fram til þessa. Við ákvörðun um tekjustofna sveitarfélaga vegna flutning grunnskólans var gert ráð fyrir að kennsla í norsku og sænsku yrði áfram með svipuðum hætti og verið hefur. Foreldrar og kennarar þeirra grunnskólanemenda sem notið hafa kennslu í norsku eða sænsku hafa látið í ljós áhyggjur vegna þeirrar óvissu sem flutningur grunnskólans kann að valda. Bréf þetta er sent skólanefndum og skólastjórum grunnskóla til að taka af vafa í þessum efnunum og kemur í stað bréfsins frá 11. mars 1988.

1. **Með tilvísun til 30. gr. grunnskólalaga er danska skyldunámsgrein.**
2. **Nemendur sem hafa næga undirstöðu í norsku eða sænsku að mati skólastjóra, skulu eiga kost á að leggja stund á þau tungumál í stað dönsku ef foreldrar/forráðamenn óska eftir því við skólastjóra og sveitarstjórn samþykkir.**
3. **Kennsla í norsku og sænsku skal vera til jafns við dönsku og fara eftir ákvæðum aðalnámskrár grunnskóla.**
4. **Nemendur í norsku og sænsku eiga rétt á námsgögnum frá Námsgagnastofnun samkvæmt þeim reglum sem gilda um námsgögn í grunnskólum sbr. 33. gr. grunnskólalaga.**
5. **Menntamálaráðuneytið telur heppilegt að skipulag og umsjón með kennslunni verði í höndum skólamálaskrifstofa og mikilvægt að kennarar í norsku og sænsku eigi kost á kennsluráðgjöf með svipuðum hætti og verið hefur.**

(Maí 1996)

## Nám og kennsla

### *Viðurkennt nám utan grunnskóla til frádráttar vali í 10. bekk*

Fyrirspurn frá skólastjóra [skóla X] var beint til menntamálaráðuneytisins.

**Er leyfilegt að láta viðurkennt nám í öðrum skólum s.s. tónlistarskólum koma til frádráttar í vali nemenda í 10. bekk?**

Í 5. mgr. 35. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla er menntamálaráðherra heimilað að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi náms í skyldunámsgrein. Menntamálaráðuneytið lítur svo á að fullt nám við viðurkennda tónlistarskóla sem starfa samkvæmt námskrá ráðuneytisins, geti jafngilt skyldunámsgrein í grunnskóla samkvæmt d-lið 2. mgr. 30. gr. grunnskólalaganna og geti komið til frádráttar fullri tímasókn í grunnskóla.

Samkvæmt 32. gr. grunnskólalaga og 3. gr. reglugerðar nr. 387/1996 um valgreinar í grunnskóla, eru valgreinar í 9. og 10. bekk hluti af skyldunámi og skulu vera nemendum að kostnaðarlausu, ef þær eru hluti af valgreinatilboði skólans. Ef nemandi stundar tónlistarnám sem valgrein að eigin ósk og foreldra/forráðamanna, er viðkomandi sveitarstjórn/rekstraraðila grunnskólans hins vegar ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir, þrátt fyrir að námið njóti viðurkenningar í stað skyldunámsgreinar.

(Nóvember 1997)

## Nám og kennsla

### Reglugerð um stafsetningu

Oskað var eftir því að menntamálaráðuneytið endurskoðaði reglur um afnám z.

Ekki hefur verið sett löggjöf um íslenska stafsetningu. Hins vegar er löng hefð fyrir því að íslensk stjórnvöld gefi fyrirmæli í formi auglýsingar um hvaða reglur skuli gilda um stafsetningu þá sem kennd er í skólum og notuð er í ýmsum gögnum sem út eru gefin á vegum ríkisins eða með atbeina þess. Að því er kennslugögn varðar má segja að lagaskylda í þessu efni felist í skólalöggjöf sem ætlar stjórnvöldum menntamála eftirlitsábyrgð á námsefni og kennslu.

Auglýsingar af þessu tagi hafa verið birtar sex sinnum á þessari öld, en hin fyrsta var auglýsing nr. 15/1918, um eina og sömu stafsetningu í skólum og á skólabókum. Gildissvið gildandi auglýsingar nr. 132/1974, sbr. breytingu samkvæmt auglýsingu nr. 261/1977, er markað þannig, með beinni tilvísun í reglugerðina en þar segir að: „Eftirfarandi reglur skulu gilda um stafsetningarkennslu í skólum, um kennslubækur útgefnar eða styrktar af ríkisfé, svo og um embættisgögn sem út eru gefin.“ Menntamálaráðuneytið telur ekki eðlilegt að binda það í lög hvernig stafsetning íslenskrar tungu skuli vera. Þá vill menntamálaráðuneytið benda á, að samkvæmt gildandi lögum um íslenska málnefnd frá 1990 er nefndinni m.a. ætlað að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál. Skal leitað umsagnar hennar áður en settar eru reglugerðir eða annars konar fyrirmæli um íslenska tungu að svo miklu leyti sem einstök atriði heyra ekki undir aðra samkvæmt öðrum lögum. Eins og áður segir eru ákvæði núgildandi auglýsingar um íslenska stafsetningu bundin við afmarkað gildissvið, þ.e. skólakennslu, kennslubækur og embættisgögn. Ekkert bann liggur því við notkun bókstafsins z utan þessa sviðs standi vilji til þess.

(Maí 1998)



## Rannsóknir og kannanir

### *Heimild til að leggja könnun/rannsókn fyrir í grunnskólum*

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1996 eru engin ákvæði um fyrirlögn kannana og rannsókna í grunnskólum og hvergi í lögnum er heimild til ráðherra að setja reglugerð eða reglur um þetta svið. Samkvæmt sömu lögum er ábyrgð á grunnskólahaldi og skipulagi skólahalds í höndum sveitarfélaga. Almennt gilda því þær reglur sem Tölvunefnd hefur sett og ákvarðanir sveitarstjórna í þessu efni.

Með hliðsjón af 14. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla skulu umsjónarmönnum kannana/rannsókna snúa sér beint til viðkomandi skólastjóra sem geta heimilað fyrirlögn nema skólanefnd eða sveitarstjórn hafi ákveðið annað.

(Nóvember 1996)

## Samræmd próf

### *Aðgangur að upplýsingum um niðurstöður einstakra grunnskóla*

Menntamálaráðuneytið hefur fjallað um erindi þar sem óskað var eftir því að heimilaður yrði aðgangur að upplýsingum um niðurstöður samræmdra prófa í skólum á höfuðborgarsvæðinu síðustu tíu ár.

Menntamálaráðuneytið óskaði m.a. eftir álitum umboðsmanns barna á málinu. Niðurstaða umboðsmanns var sú að það væri ekki andstætt hagsmunum barna að gera niðurstöður einstakra skóla opinberar. Höfð var hliðsjón af þessari niðurstöðu umboðsmanns barna sem og grundvallarviðmiðun upplýsingalaganna um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum, við samningu reglugerðar nr. 516/1996 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum. Reglugerðin var gefin út í september sl. og tók gildi 1. janúar 1997.

Í reglugerðinni er kveðið á um að sá aðili, er falið er að sjá um framkvæmd prófanna, skuli eigi síðar en þremur mánuðum eftir að próf eru haldin, gefa út yfirlit yfir heildarniðurstöður samræmdra prófa og dreifa til grunnskóla, foreldraráða, framhaldsskóla og fræðsluyfirvalda. Með reglugerðinni er horfið frá þeirri vinnureglu sem gilt hefur um árabíl að láta umræddar upplýsingar einungis í té viðkomandi skóla. Frá 1993 hefur framkvæmd samræmdra prófa verið í umsjá Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála og hefur stofnunin komið upp vandaðri tölvuskráningu sem gerir kleift, án verulegrar fyrirhafnar, að láta í té þær upplýsingar sem hér um ræðir.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur gefið út og dreift til allra grunnskóla skýrslu fyrir samræmdu prófin 1993-1996.

(Desember 1996)

## Samræmd próf

### *Heimild til að nota samræmd próf í hugmyndabanka*

Óskað var heimildar til að nota hluta úr tveimur prófum, þ.e. samræmdu prófi í stærðfræði frá 1997 og könnunarprófi í náttúrufræði frá 1992, til birtingar í hugmyndabanka Kennslumiðstöðvar KHÍ á Vefnum.

Menntamálaráðuneytið sér ekkert því til fyrirstöðu að umræddar prófaspurningar verði notaðar í hugmyndabanka Kennslumiðstöðvar á Vefnum.

(Júlí 1997)

## Samræmd próf

### *Heimild til að ljúka skyldunámi í einni námsgrein fyrir 10. bekk*

Oskað var eftir því að nemandi í 8. bekk fengi að þreyta samræmt lokapróf í dönsku vorið 1997.

Þessi fyrirspurn hefur verið skoðuð í menntamálaráðuneytinu og er það mat embættismanna þess, að grunnskólalög heimili ekki annað en að annaðhvort ljúki nemandi öllu námi í grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum eða ekki. Telja lögfræðingar að grunnskólalögin heimili ekki að nemandi ljúki skyldunámi í einni og einni grein og að slíkt fyrirkomulag kynni að stangast á við jafnræðisreglu stjórnáskrálaganna.

Ljóst er, að ekki verður unnt að breyta þessum lagaákvæðum fyrir samræmd próf vorið 1997, en í ráðuneytinu er hugað að því, hvernig unnt yrði að standa að slíkri lagabreytingu.

(Febrúar 1997)

## Samræmd próf

### *Nemendur með annað móðurmál en íslensku*

Að gefnu tilefni tekur menntamálaráðuneytið fram eftirfarandi:

Samkvæmt 46. gr. grunnskólalaga ber að leggja samræmd próf í kjarnagreinum fyrir nemendur í 4. og 7. bekk. Tilgangur þessara prófa er að fylgjast með námsframvindu nemanda í kjarnagreinum og nota niðurstöður prófanna sem leiðarljós í starfi. Þessi próf eiga að gefa upplýsingar um árangur náms og kennslu í ákveðnum þáttum námsgreinar í samræmi við námsmarkmið aðalnámskrár, sbr. 30. gr. grunnskólalaga.

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að kjarnagreinar séu íslenska og stærðfræði. Báðar þessar greinar eru kenndar á grundvelli námsmarkmiða sem ákveðin eru í aðalnámskrá. Námsmarkmið í íslensku samkvæmt aðalnámskrá byggja á því að nemendur hafi íslensku að móðurmáli eða sem fyrsta mál.

Í 36. gr. grunnskólalaga er fjallað um nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og eiga rétt á því að fá sérstaka kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Þessir nemendur eiga rétt á því samkvæmt áðurgreindu lagaákvæði að fá sérstaka kennslu í íslensku. Jafnframt er þeim útvegað sérstakt námsefni sem hentar getu þeirra og miðast ekki við aðalnámskrá og eru þeim þannig sett önnur námsmarkmið en sett eru fyrir jafnaldra þeirra í aðalnámskrá.

Því staðfestist hér með sú niðurstaða ráðuneytisins að nemandi sem hefur annað móðurmál en íslensku og hefur fengið kennslu í íslensku samkvæmt 1.mgr. 36.gr. grunnskólalaga og reglugerðar nr. 391/1996 um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku, þurfi ekki að taka samræmd próf í íslensku í 4. og 7. bekk með vísan til undirstöðuraka 46. gr. og 36. gr.

(Október 1997)

## Samræmd próf

### *Birting einkunna á samræmdum prófum í grunnskólum*

Oskað var eftir að breytingar yrðu gerðar á þeim aðferðum sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur við birtingu árangurs einstakra skóla á samræmdum prófum í grunnskólum.

Í reglugerð um samræmd próf fyrir grunnskóla segir m.a. um tilgang samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk að hann sé

- að veita nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda,
- að veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins.

Eins og kunnugt er, byggjast þær einkunnir sem nemendur fá á vitnisburðarblöðum sínum vegna samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk á samtölu stiga. Nemendur fá þannig upplýsingar um frammistöðu sína óháð því hvernig aðrir nemendur standa sig í einstökum greinum og í heild. Einkunnir sem byggjast á stigum eru hins vegar ekki samanburðarhæfar og eru þess vegna notaðar normaldreifðar einkunnir við birtingu upplýsinga um frammistöðu skóla. Í fylgiskjali verksamnings sem gerður hefur verið milli menntamálaráðuneytisins og Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum á árunum 1997-2001 segir að allar upplýsingar um frammistöðu nemenda í einstökum skólum skuli byggjast á normaldreifðum einkunnum.

Með hliðsjón af framansögðu getur ráðuneytið ekki orðið við fyrrgreindri beiðni. Ráðuneytið leggur mikla áherslu á að vel takist til um alla framkvæmd prófanna.

(Október 1997)

## Samræmd próf

### Endurgjaldslaugar upplýsingar frá framkvæmdaraðila

Skólaskrifstofa [X] óskaði eftir úrskurði ráðuneytisins um hvort Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála bæri ekki að veita skólayfirvöldum endurgjaldslaust í té upplýsingar.

Samkvæmt 4. gr. laga um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eru helstu verkefni prófa- og matsdeildar stofnunarinnar m.a. að sjá um samningu og úrvinnslu samræmdra prófa og könnunarprófa. Í reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum nr. 516/1996 er kveðið á um hvers kyns úrvinnslu framkvæmdaraðili skuli gera á niðurstöðum samræmdra prófa. Það er niðurstaða ráðuneytisins að skólayfirvöld eigi rétt á úrvinnslu á samræmdum prófum sem kveðið er á um í reglugerðinni endurgjaldslaust.

Ráðuneytinu er ljóst að aðgangur að upplýsingum getur skipt skólayfirvöld í einstökum sveitarfélögum miklu máli við skipulagningu skólahalds og því mikilvægt að sveitarfélög nýti sér upplýsingar Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála við áætlanagerð. Sé hins vegar óskað sérstakrar úrvinnslu telur ráðuneytið rétt að við verðlagningu sé miðað við til hvaða kostnaðar er stofnað af því tilefni. Er Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála rétt að gera þeim sem æskir slíkrar úrvinnslu grein fyrir einstökum kostnaðarþáttum.

(Október 1997)

## Samvinna heimila og skóla

### Fundur foreldraráðs, kennararáðs og nemendaráðs

Beðið var um úrskurð um það hvort ólöglegt sé að boða stjórn foreldrafélags [skóla X] á fyrsta fund skólaársins með kennararáði og foreldraráði.

Samkvæmt 14. grein laga nr. 66/1995 um grunnskóla, 3. mgr., er skylt að kjósa kennararáð: „Í skólum þar sem kennslumagn nemur átta fullum stöðum eða fleiri auk skólastjóra, kjósa kennarar þriggja manna kennararáð sem í umboði kennara er skólastjóra til ráðumeytis um stjórn skólans.“ Skylt er að foreldraráð starfi við hvern grunnskóla samkvæmt 16. grein laganna nema gildar ástæður mæli með undanþágu frá þessari skyldu. Skólastjóri sér um að foreldraráð verði til, starfar með því og veitir því upplýsingar. Foreldraráð á að starfa hvort sem foreldrafélag eða önnur samtök foreldra eru til við skólann eða ekki.

Ákvæði um foreldrafélög eða samtök foreldra í 15. grein grunnskólalaga og ákvæði um nemendaráð í 17. grein eru hins vegar ekki eins afgerandi og ákvæðin um foreldraráð. Ekki er skylt samkvæmt lögnum að foreldrafélag starfi við grunnskóla né heldur skylt að nemendaráð sé stofnað.

Samkvæmt 14. grein laganna, 4. málsgrein, skal skólastjóri a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til þess að veita upplýsingar um skólastarfið og fjalla um málefni þessara ráða. Tilgangur fundanna er samkvæmt lögnum tvíþættur. Annarsvegar að veita upplýsingar um skólastarfið. Hér er átt við að skólastjóri, staðgengill hans eða einhver annar sem skólastjóri kveður til, veiti ráðunum upplýsingar um skólann og starfið sem þar fer fram. Hinsvegar er ætlast til að á þessum fundum sé fjallað um málefni þessara ráða t.d. að þau kynni hvert fyrir öðru og skólanum verkefni sín, starfshætti og skipulag.

Niðurstaða: Eðlilegt er að líta svo á að á hinum lögboðnu fundum sem skólastjórum er skylt að boða til a.m.k. tvisvar á ári, sitji kennararáð, foreldraráð, nemendaráð (ef það er til) og skólastjóri eða staðgengill hans. Ekkert bannar hinsvegar að aðrir sitji þessa fundi ef um það er samkomulag.

(Mars 1998)

## Samvinna heimila og skóla

### *Upplýsingalögin og grunnskólalögin*

Skólaskrifstofa [X] beindi eftirfarandi fyrirspurn til mennramálaráðherra.

Spurt er hvort upplýsingalögin hindri þátttöku foreldra í skólastarfinu t.d. að foreldrar sitji í kennslustundum með börnum sínum.

Grunnskólalögin nr. 66/1995 hvetja til aukins samstarfs heimila og skóla. Með nýju ákvæði um foreldraráð í 16. gr. og umsagnarhlutverki foreldraráðs um skólanámskrá samkvæmt 31. gr., er myndaður formlegur vettvangur fyrir áhrif foreldra á skipulag náms og kennslu. Hvergi í grunnskólalögunum er neitt sagt um setu foreldra í kennslustundum. Grunnskólalögin hvorki banna né heimila setu foreldra í kennslustundum. Hverjum skóla er ætlað að skipuleggja samstarf heimila og skóla og verða skólastjórar öðrum fremur að gæta þess í því sambandi að farið sé að upplýsingalögum sem öðrum lögum.

(Nóvember 1997)

# Sérkennsla og sérfræðipjónusta

## Fjöl nám, tilraunaverkefni í Fellaskóla og Réttarholtsskóla

Leitað var álits menntamálaráðuneytisins vegna ákveðinna atriða í „Námskrá fyrir fjöl nám ‘96, tilraunaverkefni Fellaskóla og Réttarholtsskóla í 9. og 10. bekk grunnskóla.“

Umrætt nám á sér nokkurn aðdraganda og voru tillögur um starfsnámsbrautir við grunnskóla Reykjavíkur til umfjöllunar í ráðuneytinu á síðasta ári. Þá taldi ráðuneytið ekki rétt að gefa fyrirfram vilyrði um undanþágur allra umræddra nemenda á starfsnámsbrautum frá samræmdum prófum. Ljóst er að námskráin um fjölnámið tekur mið af tillögum vinnuhóps skólamálaráðs Reykjavíkur um starfsnámsbrautir við grunnskóla Reykjavíkur frá því í nóvember 1995.

**1. Spurning: Er unnt að ljúka skyldunámi án þess að taka samræmd próf í þeim námsgreinum sem prófað er hverju sinni?**

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995 skal leggja fyrir samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður. Í 1. gr. reglugerðar um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum nr. 516/1996 segir m.a. „Allir skyldunámsnemendur eru skyldir til að gangast undir samræmd próf njóti þeir ekki undanþágu samkvæmt 5. málsgrein 35. gr., 36. gr. og 48. gr. grunnskólalaga eða eru sannarlega forfallaðir vegna veikinda á prófdegi. Nemendur sem eiga að gangast undir samræmd lokapróf í 10. bekk en eru samkvæmt læknisvottorði, veikir á prófdegi, skulu þó breyta sjúkrapróf sem skólunum skulu lögð til og menntamálaráðherra ákveður með auglýsingu hvenær fari fram.“ Nemendur sem fá undanþágu frá samræmdum prófum, skv. 35. gr. 36. gr. og 48. gr. grunnskólalaga teljast hafa lokið lögbundnu skyldunámi án þess að taka samræmd próf og fá skírteini þar að lútandi skv. 47. gr. grunnskólalaga.

**2. Spurning: Er það í samræmi við grunnskólalög (reglugerð/ námskrá) að beina ákveðnum hópi barna, þegar tvö ár eru eftir af skyldunámi, á braut sem lýkur án þess að tekin séu lögbogin lokapróf?**

Allir skyldunámsnemendur eru skyldir til að gangast undir samræmd próf nema þeir sem fá undanþágu eins og greint er frá hér að framan. Menntamálaráðuneytið hefur nýlega gefið út reglugerð um námsmat nemenda sem víkja svo frá almennum þroska að þeim henta ekki samræmd próf (sjá meðfylgjandi reglugerð). Reglugerðin gildir um nemendur á skyldunámsaldri í sérskólum og aðra þá nemendur sem af viðurkenndum greiningaraðilum eru taldir víkja svo frá almennum þroska að þeim henta ekki samræmd próf samkvæmt 46. gr. laga um grunnskóla. Því er skólum heimilt að halda uppi skólastarfi fyrir þennan hóp nemenda án þess að gera ráð fyrir að þeir taki samræmd próf. Hins vegar er ekki heimilt að beina öðrum hópum nemenda í skyldunámi inn á brautir þar sem fyrirfram er ákveðið að námi þeirra ljúki ekki með samræmdum prófum. Hugsanlega getur það þó gerst ef skólar fá undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, vegna tilrauna- eða þróunarstarfs, skv. 53. gr. laga um grunnskóla. Fjöl nám í Réttar-



holtsskóla og Fellaskóla hefur ekki verið skilgreint sem tilraunaverkefni skv. 53. gr. laga um grunnskóla.

**3. Spurning: Hvernig telur ráðuneytið að staðið skuli að vali á nemendum á umræddar brautir?**

Við er í reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996 um skipan þessara mála, einkum 25. gr. og reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla nr. 386/1996. Þar eru ákvæði um starfshætti sérfræðiþjónustu, skipan sérkennslu ásamt ákvæðum um sérskóla og sérdeildir. Tekið skal fram að menntamálaráðuneytið hefur ekki fengið starfsreglur fjölnáms í Fella-skóla og Réttarholtsskóla til staðfestingar og er því ekki kunnugt um skipan þeirra deilda, utan það sem fram kemur í námskrá fyrir fjölnámið frá því í september 1996.

**4. Spurning: Er fullvissa fyrir því að fornámsbrautir framhaldsskólanna taki við nemendum af þessum brautum?**

Flestir fjölbrautaskólar utan höfuðborgarsvæðisins bjóða upp á fornám í einni eða annarri mynd. Þetta nám er hins vegar aðeins í boði í fáum skólum í Reykjavík. Fornám sem starfrækt var í Réttarholtsskóla hefur verið flutt í Iðnskólann í Reykjavík og Borgarholtsskóla og verður það starfrækt þar áfram. Að undanfögnu hefur verið unnið að því að koma á verkaskiptingu milli skóla í landinu og festa í sessi ákveðið framboð náms í hverjum skóla. Verður framboð náms fyrir þann hóp nemenda sem hér um ræðir einnig tekið til sérstakrar athugunar á næstu vikum með það að markmiði að mæta þeirri þörf sem fyrir hendi er.

(Janúar 1997)

# Sérkennsla og sérfræðipjónusta

## 27. gr. reglugerðar um sérkennslu

Fyrirspurn var beint til menntamálaráðuneytisins varðandi 27. gr. reglugerðar nr. 389/1996 um sérkennslu.

Minnt skal á að þegar reglugerð nr. 389/1996 um sérkennslu var sett, lá ekki ljóst fyrir með hvaða hætti sveitarfélög stæðu saman að rekstri sérskóla/sérdeilda samkvæmt 38. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. 2. málsgrein 27. gr. reglugerðarinnar fjallar um sérskóla og sérdeildir sem reknar voru af ríkinu fyrir flutning grunnskólans til sveitarfélaga.

Kostnaður við rekstur sérskóla og sérdeilda ríkisins var, fyrir flutning grunnskólans, sérgreindur í fjárlögum og aðskilinn frá almennri sérkennslu í grunnskólum og rekstri svonefndra sérdeilda umdæma. Við flutninginn tóku sveitarfélög við allri kennslu í grunnskólum, þ.m.t. sérkennslu og rekstri sérskóla. 1. mgr. 27. greinar reglugerðarinnar átti að tryggja óbreyttar viðmiðanir um kennslumagn í almennri sérkennslu í grunnskólum með því skipulagi sem sveitarstjórn ákveður. 2. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar átti m.a. að tryggja að sveitarfélögin sem tækju við eða stæðu að rekstri fyrrgreindra sérskóla ríkisins og sérdeilda ríkisins, gerðu ráð fyrir þeim kostnaði, auk kostnaðar við almenna sérkennslu, enda reiknað með honum sérstaklega við flutninginn.

Ráðuneytið bendir á að samkvæmt 14. gr. reglugerðarinnar skal sérkennsla unnin samkvæmt áætlun sem skólastjóri setur fram sbr. 5. gr. og byggð er á mati á þörf. Ef rökstudd þörf er fyrir hendi, ber sveitarstjórn að standa straum að kostnaði við sérkennslu a.m.k. að því marki sem tilgreint er í 27. gr. Sé ekki þörf á sérkennslu, er það í valdi sveitarstjórnar að ákveða hvort skóla er lagt til fé umfram almenna kennslu.

(Janúar 1997)

## Sérkennsla og sérfræðipjónusta

### Starfsreglur um sjúkrakennslu

Óskað var eftir athugasemdum og ábendingum við drög að starfsreglum um sjúkrakennslu í Reykjavík og drög að verklagsreglum. Ráðuneytið lítur svo á að gerð starfsreglna og verklagsreglna á þessu sviði sé alfarið í höndum sveitarfélaga. Ráðuneytið bendir á að grundvöllur sjúkrakennslu grunnskólanemenda er í 15. gr. reglugerðar um sérkennslu nr. 389/1996.

Við undirbúning að flutningi grunnskólans var almennur skilningur á því að störf sem fyrir voru í grunnskólum á meðan þeir voru hjá ríkinu, héldust áfram eftir flutninginn þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið. Því verður að líta svo á, að sveitarfélög eigi að halda uppi sjúkrakennslu a.m.k. í sama umfangi og áður var. Það er sveitarstjórna að setja nýjar reglur eða komast að samkomulagi um að halda áfram að miða við reglur menntamálaráðuneytisins frá 28. febrúar 1995, sem giltu um kennslu veikra barna fyrir flutning grunnskóla til sveitarfélaga, að því marki sem hægt er í ljósi breytinga á skipan skólamála í landinu.

Menntamálaráðuneytið bendir einnig á að samkvæmt 1. gr. laga um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, nr. 77/1996, hefur Samband íslenskra sveitarfélaga frumkvæði að lausn málefna grunnskólans sem varða fleiri en eitt sveitarfélag, ef þeim er ekki skipað með öðrum hætti í lögum, reglugerðum eða með samkomulagi aðila. Kennsla á sjúkrakósum þar sem nemendur eru frá mörgum sveitarfélögum getur fallið undir ákvæði þessara laga.

(Febrúar 1997)

## Sérkennsla og sérfræðipjónusta

### Umsjón með sérkennslu

Beðið var um skýringar á ákvæði 13. gr. reglugerðar nr. 389/1996 um sérkennslu í grunnskólum. Samkvæmt 13. gr. reglugerðarinnar á að fela einum kennara umsjón með sérkennslu ef nemendur grunnskóla eru 200 eða fleiri. Í reglugerðinni eru ekki önnur fyrirmæli um störf þessara umsjónarmanna en þau sem er að finna í 13. gr. þ.e. umsjón með sérkennslu í skólanum og umsjón með samskiptum við sérfræðipjónustu skóla, og í 14. gr. þ.e. gerð áætlana um sérkennslu.

Ráðuneytið hefur ekki sett sérstakar reglur um umsjón með sérkennslu í einstökum skólum né gefið út nánari lýsingar á verkefnum þeirra. Fyrir flutning grunnskólans til sveitarfélaga voru dæmi þess að fræðslustjórar samþykktu umsjón með sérkennslu sem fagstjórn samkvæmt þeim reglum sem giltu um árganga- og fagstjórn í grunnskólum.

(Janúar 1997)

# Sérkennsla og sérfræðipjónusta

## Aðgangur foreldra og forráðamanna að upplýsingum um nemendur

Óskað var eftir túlkun menntamálaráðuneytisins á ákveðnum atriðum, sem snerta meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum. Sérstaklega var vikið að ákvæðum 9. gr. reglugerðar nr. 389/1996 um sérkennslu og 6. gr. reglugerðar nr. 385/1996 um sérfræðipjónustu skóla.

Reglur um meðferð og varðveislu trúnaðargagna í grunnskólum voru settar í tíð áðurgildandi grunnskólalaga. Ekki er heimild til setningar slíkra reglna í núgildandi grunnskólalögum, enda hafa nú verið sett upplýsingalög nr. 50/1996, stjórnáskýringarlög nr. 37/1993 og lög nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, en í framangreindum lögum eru settar reglur um aðgang að upplýsingum hjá opinberum aðilum.

Rétt er að víkja almennt að þeim sjónarmiðum sem hafa ber að leiðarljósi á grundvelli stjórnáskýringarlaga og upplýsingalaga.

Ósk forráðamanns grunnskólanemanda um aðgang að upplýsingum frá grunnskóla um þann tiltekna nemanda verður að meta í hverju tilviki fyrir sig með hliðsjón af eðli máls.

Með hliðsjón af ákvæðum 15. gr. stjórnáskýringarlaga nr. 37/1993, er litið svo á að aðili, þ.m.t. forráðamaður nemandans, að máli þar sem tekin verður stjórnvaldsákvörðun eigi allrúman rétt til upplýsinga um hið tiltekna mál. Sá réttur kann að takmarkast af öðrum ákvæðum stjórnáskýringarlaga sjá einkum 17. gr. stjórnáskýringarlaga og lögum nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Er meginregla 15. gr. stjórnáskýringarlaga á því byggð að óheftur aðgangur gagna og skjala kunni að vera aðila máls mikilsverð til að tryggja að réttur aðila til þess að koma að skýringum og leiðrétta framlögð gögn komi að fullu gagni. Í 15. gr. stjórnáskýringarlaga er einnig kveðið á um skyldu stjórnvalds til þess að afhenda afrit eða ljósrit af málsskjölum, ef aðili máls óskar eftir því, enda séu skjölin hvorki þess eðlis né fjöldi þeirra svo mikill að afhending þeirra sé vandkvæðum bundin.

Meginregla 1. mgr. 9. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 um rétt aðila til aðgangs að skjölum og öðrum gögnum sem varða tiltekið mál ef þau hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan, er byggð á því megin sjónarmiði að einstaklingar eigi rétt til aðgangs að gögnum sem eru í vörslu stjórnvalda og varða þá sérstaklega, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Þessi regla gildir hvort sem óskað er aðgangs að gögnum hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum, Þjóðskjalasafni Íslands eða öðru opinberu skjalasafni sbr. 20. gr. upplýsingalaga. Stjórnvaldi er heimilt að takmarka aðgang að gögnum að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 9. gr. laganna.

Í þessu ljósi verður að skýra ákvæði reglugerða um sérkennslu nr. 389/1996 og sérfræðipjónustu skóla nr. 385/1996.

Ákvæði 9. gr. reglugerðar um sérkennslu varðandi viðurvist sérfræðings þegar forráðamenn nemandans kynna sér gögn í vörslu skóla eða fræðslufirvalda er sett til að tryggja að foreldrar fái haldbærar útskýringar á umræddum gögnum. Eins og vikið er að hér að framan má almennt gera ráð fyrir að for-

ráðamenn eigi rétt til að fá afhent gögn um viðkomandi nemanda.

Einnig var spurt um hvaða lög taki til þeirra gagna sem varðveitt eru hjá fræðslufirvöldum. Með vísan til þess sem hér að framan greinir er það mismunandi eftir eðli máls. Lög nr. 121/1989 um meðferð og skráningu persónuupplýsinga gilda ein og á tæmandi hátt um aðgang að þeim upplýsingum sem þau taka til.

Ef forráðamaður leitar eftir aðgangi að gögnum um nemanda í grunnskóla er honum rétt að koma á framfæri ósk um það efni við viðkomandi skólastjóra ásamt tilgreiningu á því hvaða gögn það eru sem hann óskar eftir að kynna sér.

Rétt er að vekja athygli á ákvæðum barnalaga nr. 20/1992 svo sem þeim var breytt með lögum nr. 23/1995, þar sem kveðið er á um rétt forsjárlaus foreldris til upplýsinga um barn sitt

(Mars 1997)

## Sérkennsla og sérfræðipjónusta

### *Viðtöl starfsfólks sérfræðipjónustu við grunnskólabörn án vitundar foreldra*

Skólaskrifstofa [X] beindi eftirfarandi fyrirspurn til menntamálaráðherra.

Óskað var eftir álit ráðuneytisins á spurningum um viðtöl grunnskólabarna við starfsmenn sérfræðipjónustu skóla án vitundar foreldra. Spurt er hvort það samrýmist lögum að grunnskólanemendur geti leitað eftir viðtölum hjá starfsfólki, sem sinnir sálfræðipjónustu í grunnskólum, að eigin frumkvæði og án vitundar foreldra.

Nemendur í vanda eiga að geta leitað til hvaða starfsmanns grunnskóla sem er í fullum trúnaði og vissu um aðstoð. Starfsmönnum ber þá að finna vanda-málunum réttan farveg til lausnar eftir eðli máls hverju sinni.

Í reglugerð um sérfræðipjónustu skóla nr. 386/1996 er sagt til um meðferð mála þegar aðrir en nemandinn hafa frumkvæði að afskiptum sérfræðipjónustu skóla. Í 5. gr. segir að allar athuganir og rannsóknir sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki forráðamanna. Sams konar ákvæði er í 8. gr. reglugerðar um sérkennslu nr. 389/1996. Í 4. gr. reglugerðar um sérfræðipjónustu skóla segir að starfsmenn sérfræðipjónustu skuli vinna forvarnarstarf í samvinnu við starfsmenn skóla m.a. með kennslufræðilegum og sálfræðilegum athugunum og greiningu á nemendum. Forráðamenn geta komið með ósk um slíka athugun. Starfsmenn skóla og heilsugæslu geta lagt fram ósk um athugun að fengnu samþykki forráðamanna. Samkvæmt áðurnefndri reglugerð er gert ráð fyrir samþykki forráðamanna áður en málum er vísað til meðferðar hjá sérfræðipjónustu skóla.

(Nóvember 1997)

## Sérkennsla og sérfræðipjónusta

### *Viðurkenndir greiningaraðilar*

Óskað var eftir túlkun ráðuneytisins á því hvaða sérfræðingar/ fagstét-ir/stofnanir teljist viðurkenndir greiningaraðilar sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 709/1996.

Menntamálaráðuneytið lítur svo á að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, læknar og sálfræðingar sem teljast sérfræðingar á þessu sviði, þ.e. geti lagt nauðsynleg greiningapróf fyrir viðkomandi nemanda, séu stofnanir/sérfræðingar sem átt er við með viðurkenndum greiningaraðilum í 1. gr. reglugerðar nr. 709/1996, sbr. 48. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

(Mars 1997)

# Sérkennsla og sérfræðipjónusta

## *Varðveisla dagála*

Spurt var um varðveislu dagála sem eru í vörslu fræðsluskrifstofu og ekki er þörf á að flytja á skólamálastofu.

Ráðuneytið hefur átt frumkvæði að umfjöllun um meðferð gagna í vörslu fræðsluskrifstofa í tilefni af flutningi grunnskóla til sveitarfélaga og kallað til þeirrar umræðu fulltrúa fræðslustjóra, Þjóðskjalasafns og sveitarfélaga. Niðurstaðan varð sú að öll önnur gögn en þau sem nauðsynleg væru vegna skólastarfs næsta skólaár, skyldu afhent Þjóðskjalasafni til varðveislu þegar fræðsluskrifstofur hætta starfsemi.

Ráðuneytið óskaði umsagnar Tölvunefndar um meðferð eldri dagála. Í bréfi Tölvunefndar dags. 22. júlí 1996 kemur fram að nefndin hafi þegar svarað fyrirspurn varðandi þetta mál.

Menntamálaráðuneytið lítur svo á að skylt sé að afhenda Þjóðskjalasafni eða héraðsskjalasafni ef Þjóðskjalasafn heimilar, öll gögn í vörslu fræðsluskrifstofa, þar með talda dagála, sem ekki eru nauðsynleg að mati fræðslustjóra vegna skólastarfs næsta skólaár.

(Ágúst 1996)

## Skólaakstur

### *Skylda sveitarstjórnar*

Spurt var um hvort sveitarstjórn beri skylda til að sækja nemandu, sem nýttur skólaaksturs, heim á hlað.

Í 10. gr. sbr. 1. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995 með áorðnum breytingum er tekið fram að allur rekstur almennra grunnskóla sé á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga sé ekki sérstaklega kveðið á um annað. Engin ákvæði er að finna í grunnskólalögunum um skólaakstur sérstaklega.

Samkvæmt 12. gr. grunnskólalaganna skal skólanefnd sjá um að öll skóla-skyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Í þessu felst að skólanefnd og sveitarstjórn gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru miðað við aðstæður á hverjum stað, til að skólaskyld börn geti sótt skóla. Skipulag skólaaksturs er því alfarið á vegum sveitarstjórnar. Með hliðsjón af 16. og 31. gr. grunnskólalaganna verður að líta svo á að áætlanir um skólaakstur séu hluti af áætlunum um skólalald og skuli fá umfjöllun í skólanefnd og for-eldraráði.

(Febrúar 1997)



## Skólahúsnæði

### *Umráð skólahúsnæðis*

Spurst var fyrir um hver væri skilningur menntamálaráðuneytisins á ákvæðum laga nr. 66/1995 um grunnskóla varðandi umráð skólahúsnæðis.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, er dagleg umsjón með skólahúsnæði í höndum skólastjóra í umboði sveitarstjórnar. Í greinargerð er tekið fram að dagleg umsjón og umráð skólmannvirkja sé í höndum skólastjóra með þeim takmörkunum sem sveitarstjórn kann að ákveða.

Í 22. gr. grunnskólalaganna er ennfremur tekið fram að ráðstöfun skólahúsnæðis í þágu íbúa byggðarlagsins til annarra nota en skólahalds, megi í engu raska skólahaldi, félagslífi nemenda eða annarri lögboðinni starfsemi. Þá er sveitarstjórn gert skylt að leita umsagnar skólanefndar ef til stendur að nota skólahúsnæði utan skólatíma til gistingar eða veitingareksturs.

Til þess er ætlast að greitt sé úr ágreiningi sem rísa kann vegna nýtingar skólahúsnæðis meðan á skólatíma stendur og utan hans, með góðu samkomulagi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, skólanefndar og skólastjóra.

(Nóvember 1996)

## Skólanefnd

### Skólanefndarfundir

Sett hafa verið ný lög um grunnskóla nr. 66/1995 með ákvæðum um skólanefndir, sbr. 12. og 13. gr. laganna. Af þessu tilefni vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi.

Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Skólanefnd skal boða fulltrúa skólastjóra, kennara og foreldra á formlega fundi sína. Í 13. gr. grunnskólalaga er tekið fram hvernig fulltrúar kennara skulu valdir. Það skoðast formlegir fundir sem boðað er sérstaklega til og haldin er fundargerðarbók sbr. VI kafla sveitarstjórnalaga nr. 8/1986. Ekki verður séð að neitt banni kjörnum fulltrúum í skólanefnd að koma saman til svokallaðra „vinnufunda“ án þess að boða þá aðila sem lögum samkvæmt eiga rétt til setu á formlegum skólanefndarfundum. Hins vegar verður að líta svo á að slíkir fundir séu óformlegir og ekki teknar þar ákvarðanir né haldin opinber gjörðabók, þeir eru m.ö.o. ekki formlegir skólanefndarfundir.

(Febrúar 1996)

## Skólanefnd

### Seta sveitarstjórnarmanna í skólanefnd við grunnskóla

Óskað var eftir úrskurði ráðuneytisins hvort eðlilegt geti talist að sveitarstjórnarmenn sitji í skólanefnd grunnskóla. Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 segir: „Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, og samþykktum viðkomandi sveitarfélags.

Menntamálaráðuneytið hefur úrskurðað um setu manna í foreldraráðum við grunnskóla samkvæmt 16. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Ráðuneytið hefur komist að þeirri niðurstöðu að óeðlilegt sé að sveitarstjórnarmenn sitji í foreldraráði við skóla í því sveitarfélagi þar sem þeir sitja í sveitarstjórn, einkum eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaga, en þeir bera ábyrgð á skólahaldi og taka ákvarðanir um fjárveitingar og bregðast við tillögum skólanefndar og skólastjóra.

Menntamálaráðuneytið lítur að sama skapi svo á að óeðlilegt sé að sveitarstjórnarmenn sitji í skólanefndum við skóla í því sveitarfélagi sem þeir sitja í sveitarstjórn, en þeir bera ábyrgð á skólahaldi og taka ákvarðanir um fjárveitingar og bregðast við tillögum skólanefndar og skólastjóra.

(Apríl 1996)

## Skólanefnd

### *Seta áheyrnarfulltrúa á skólanefndarfundum*

Oskað var álits á því hvort fulltrúar skólastjóra, foreldra og kennara mættu sitja fundi skólanefndar þegar fjallað væri um mál einstakra nemenda sem vísað hefði verið til úrlausnar nefndarinnar.

Samkvæmt 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 eiga fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétti. Þessir fulltrúar eru áheyrnarfulltrúar en hafa ekki atkvæðisrétt. Þeir skulu boðaðir á fundi á sama hátt og þeir fulltrúar sem kosnir eru samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Áheyrnarfulltrúar á skólanefndarfundum sem og kjörnir fulltrúar í skólanefnd verða við umfjöllun einstakra mála, sem koma til kasta nefndarinnar, að gæta að hinum sérstöku hæfisskilyrðum 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Sá sem telst vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Skal hann vikja sæti við umfjöllun málsins og kalla inn varamann, eða yfirgefa fundarsal meðan málið er á dagskrá sbr. 4. gr. stjórnslulaga.

(Desember 1996)

## Skólasel

### Ákvörðun um að leggja niður skólasel

Ibúar í [sveitarfélagi] kærðu til menntamálaráðuneytisins þá ákvörðun hreppsnefndar [sveitarfélags X] að leggja niður skólasel. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld niður.

Í 1. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995 er kveðið á um að sveitarfélögum sé skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6-16 ára eftir því sem nánar segir í lögnum. Með gildistöku laga nr. 66/1995 var gerð sú meginbreyting frá áðurgildandi lögum um grunnskóla nr. 49/1991 að fellt er brott ákvæði um skyldu ríkis og sveitarfélaga til sameiginlegs skólahalds fyrir börn og unglinga á skyldunámsaldri. Þessi skylda hvílir framvegis á sveitarfélögum einum. Í 10. gr. laga nr. 66/1995 er skýrt kveðið á um að allur rekstur almennra grunnskóla sé á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga frá þeim tíma sem lögin koma að fullu til framkvæmda sé ekki sérstaklega kveðið á um annað.

Skólanefnd í viðkomandi skólahverfi ber að sjá til þess að skólaskyld börn í hverfinu njóti lögboðinnar fræðslu, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Skólanefnd hefur þannig skyldu til þess að sjá um að öll börn njóti fræðslu hvort sem þau eru í skólaseli, heimavist eða akstri.

Í 3. mgr. 3. gr. grunnskólaganna er kveðið á um að sveitarstjórn hafi heimild til þess að ákveða hvort og þá hvernig grunnskóla skuli skipt upp í einingar án þess að leita þurfi eftir samþykki menntamálaráðuneytisins. Á þessi laga grein m.a. við um það atriði hvort rétt sé að sameina mjög fámenna skóla í einn skóla í dreifbýli.

Í 4. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 er kveðið á um þá meginreglu að í strjálbýli skuli miða við heimanakstur nemenda, þar sem því verði við komið en ekki heimavist. Þá segir í framangreindri lagagrein að sveitarstjórn sé heimilt að koma á fót skólaseljum frá aðalskóla.

Í frumvarpi til laga um grunnskóla er í greinargerð með framangreindu lagaákvæði áréttað að meginviðmið laganna um skólavist nemenda í strjálbýli skuli vera að þeim sé ekið í og úr skóla daglega í stað þess að þau búi á heimavist, en mikilvægt sé að nemendum sé ekki ofgert með löngum akstursleiðum eða löngum tíma í skólabíl.

Varðandi rekstur skólaselja segir orðrétt í greinargerðinni: „Sett hafa verið á stofn skólasel, sem útibú við einstaka skóla, til að stytta akstursleiðir fyrir nemendur. Með skólaseli er átt við útibú frá aðalskóla, t.d. fyrir yngstu nemendurna, til að komast hjá heimavistardvöl eða löngum skólaakstri. Mikilvægt er að við stofnun slíkra útibúa sé gætt faglegrar samræmingar við aðalskólann og að nemendur eigi möguleika á félagslegum samskiptum við aðra nemendur skólans, t.d. þátttöku í skólaskemmtunum, leiksýningum, íþróttamótum og öðrum viðburðum í skólastarfinu.“ Í greinargerðinni segir enn fremur: „Með fullri ábyrgð sveitarfélaga á rekstri grunnskóla er ekki lengur þörf afskipta fræðslustjóra né menntamálaráðuneytis af stofnun heimavista eða skólaselja. Frumkvæðið er hér að fullu flutt til sveitarfélaga.“

Niðurstaða: Í máli þessu liggur fyrir að það er óumdeilanlegt verkefni sveit-

arstjórnar að ákveða hvort skólasel skuli starfrækt eða ekki. Við ákvörðun í þeim efnum eru sveitarstjórninni ekki settar skorður af löggjafanum og hefur hún því um það frjálst mat. Við ákvarðanatöku er sveitarstjórn rétt að taka mið af því að nemendum sé ekki ofgert með löngum akstursleiðum eða löngum tíma í skólabíl og að gætt sé fyllsta öryggis varðandi skólaakstur. Foreldraráðum er ætlað að fylgjast með í þeim efnum sbr. 3. mgr. 16. gr. grunnskólalaga. Ákvörðunum sveitarstjórnar um rekstur eða niðurlagningu skólaselja verður því ekki skotið til menntamálaráðuneytisins. Kærinni er vísað frá.

(Apríl 1997)

## Skólasókn

### *Málsmeðferð ef barn mætir ekki í skóla*

Oskað var eftir úrskurði ráðuneytisins á grundvelli 3. mgr. 6. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

Vakin skal athygli á því að verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, segir 6. gr. grunnskólalaganna til um málsmeðferð. Er þar kveðið á um að í slíkum málum beri skólastjóra fyrst að leita leiða til úrbóta. Takist skólastjóra ekki að leysa málið, á hann að vísa málinu til skólanefndar sem á að leita lausna á því að fenginni umsögn sérfræðipjónustu á vegum sveitarfélags. Ráðuneytinu hefur borist greinargerð frá skólastjóra. Ekki liggur fyrir hvað skólanefnd hefur aðhafst í málinu, hver umsögn sérfræðipjónustu sveitarfélagsins er hafi eftir henni verið leitað eða hver hefur orðið niðurstaða skólanefndar að fengnum umsögnum sérfræðipjónustunnar. Eftir að fullreynt er að ofangreindir aðilar hafi ekki getað leyst málið, er í 3. mgr. 6. gr. grunnskólalaga kveðið á um að forráðamaður barns eða skólanefnd geti vísað málum er varða misbrest á skólasókn skólaskylds barns til úrlausnar ráðuneytisins.

Varðandi tilefni ágreiningsins skal bent á að skólaakstur er alfarið á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags. Þá er einnig rétt að vekja athygli á að foreldraráði við skólann er ætlað það hlutverk að gefa umsögn um skólanámskrá og m.a. að fjalla um áætlanir um skólaakstur. Það liggur ekki fyrir í málinu að svo hafi verið gert. Nauðsynlegt er að málsmeðferð sé samkvæmt því sem lög kveða á um áður en málið kemur til kasta ráðuneytisins og að réttur aðili vísi málinu áfram ef fullreynt er að ekki tekst að leysa það heima fyrir.

(Október 1996)

## Skólasókn

### *Skólasókn utan lögheimilissveitarfélags*

Spurst var fyrir um skyldur sveitarfélags gagnvart nemanda sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi. Samkvæmt 12. gr. laga nr 66/1995 um grunnskóla ber skólanefnd að sjá til þess að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Frá því að grunnskólalögin komu að fullu til framkvæmda með flutningi grunnskóla til sveitarfélaga 1. ágúst 1996, hefur mentamálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga litið svo á að skyldur sveitarstjórnar og skólanefndar snúi að þeim nemendum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út viðmiðunarreglur um greiðslur fyrir námsvist nemenda utan lögheimilissveitarfélags. Verði samkomulag um það milli sveitarfélaga að flytja nemanda á milli, gengst viðtökusveitarfélagið undir þær skyldur að sjá honum fyrir skólavist samkvæmt grunnskólalögum. Komi til þess að vísa þurfi slíkum nemanda úr skóla í sveitarfélagi þar sem hann á ekki lögheimili, eru forsendur samkomulagsins brostnar og lögheimilissveitarfélaginu ber þá skylda til að sjá nemandanum fyrir skólavist.

(Febrúar 1997)

# Skólasókn

## Innritun barna í grunnskóla

Spurst var fyrir um hvaða reglur gildi við innritun barna í grunnskóla þegar foreldrar fara saman með forsjá barna.

Í ljósi þess að ekki eru til sérstakar reglur um innritun barna í grunnskóla og með hliðsjón af því að ágreiningur getur komið upp þegar foreldrar sem hafa skilið fara saman með forsjá barna sem getur haft óheppileg áhrif á börn og sett starfsmenn skóla í erfiða aðstöðu, óskaði menntamálaráðuneytið eftir umsögn umboðsmanns barna um málið.

Í umsögn umboðsmanns barna er lagt til að menntamálaráðuneytið setji almennar leiðbeinandi reglur um innritun barna í grunnskóla. Ráðuneytið mun verða við þessum tilmælum í samráði við ýmsa aðila sem málið snertir. Í tilefni af fyrirspurninni tekur menntamálaráðuneytið fram eftirfarandi: Samkvæmt 6. gr. laga nr. 66/1996 um grunnskóla ber forráðamaður barns ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla. Skólanefnd ber að sjá til þess að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu samanber 11. og 12. grein grunnskólalaganna.

Eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaga sem kom til framkvæmda 1. ágúst 1996, er ábyrgð á grunnskólalaldi í höndum sveitarstjórna samkvæmt lögum um grunnskóla. Hver sveitarstjórn hefur skyldur gagnvart þeim börnum á skólaskyldualdri sem eiga lögheimili innan marka sveitarfélagsins og greiðir kostnað af skólalaldi. Nemandi sem á lögheimili í tilteknu sveitarfélagi á rétt sinn þar en getur ekki sótt hann til annars sveitarfélags með því t.d. að flytja aðsetur tímabundið. Hins vegar er það í valdi sveitarfélaga að semja um skólavist fyrir nemendur sína annars staðar ef nauðsyn krefur, enda greiðir þá það sveitarfélag sem nemandinn á lögheimili í, allan kostnað ef þess er krafist.

Kjósi foreldri að innrita barn í annan skóla en þann sem lögheimili segir til um, greiðir foreldrið allan kostnað af því. Þetta gera foreldrar t.d. sem kjósa að láta börn sín í einkaskóla enda ber þá forstöðumanni einkaskólans að tilkynna viðkomandi skólanefnd um nemendur sem innritaðir eru sbr. 56. gr. laga um grunnskóla.

(Nóvember 1996)

## Skólasókn

### *Vistun barns í einkaskóla utan lögheimilssveitarfélags*

Spurt var um skólavist nemanda sem búsettur er í [sveitarfélagi X] í einkareknum skóla í [sveitarfélagi Y]

Samkvæmt 1. gr. grunnskólalaganna er sveitarfélögum skylt að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6-16 ára. Skólanefnd ber að sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu samanber 12. gr. laganna. For-eldrum/forráðamönnum skólaskyldra barna er heimilt að setja börn sín í einkaskóla, kjósi þeir að nýta ekki þau skólatilboð sem lögheimilssveitarfélag býður fram. Ákvörðun um þátttöku lögheimilssveitarfélags í kostnaði sem því fylgir, er alfarið í höndum sveitarstjórnar.

(Júní 1997)

## Skólasókn

### *Vistun barna í sveit*

Spurt var um vistun barna í sveitum og skólagöngu þeirra. Samkvæmt lögum um grunnskóla er skólaskylda frá 6-16 ára aldurs. Skólanefnd er skylt að sjá til þess að „öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu“ sbr. 12. gr. laga nr 66/1995 um grunnskóla. Fram til þessa hefur verið lítið svo á að hér sé átt við börn sem búsett eru í skólahverfinu hvort sem þau eiga þar lögheimili eða ekki. Þegar börnum er komið í vist utan heimila sinna t.d. fyrir tilstilli félagsmálayfirvalda til skamms eða langs tíma, er þeim eftir sem áður skylt að ganga í skóla eða fá lögboðna fræðslu með öðrum hætti ef venjuleg skólaganga er ekki talin henta þeim. Oft kemur vistun barna á nýju heimili til með skömmum fyrirvara og gefst þá viðkomandi skóla oft lítið ráðrúm til að búa sig undir að taka við nýjum nemanda. Engin endanleg lausn hefur fundist á þessum vanda.

Við flutning grunnskóla til sveitarfélaga kom það í hlut sveitarfélaga að móta reglur sín í milli um greiðslur þegar börn flytjast milli sveitarfélaga og skólahverfa af þesum sökum. (Slíkar reglur hafa verið settar).

(Mars 1996)



# Skólasókn

## Skólasókn utan lögheimilissveitarfélags

Skólaskrifstofa [X] beindi eftirfarandi fyrirspurn til menntamálaráðherra.

Spurt var hvort sveitarfélagi væri heimilt að neita barni um skólavist sem vistað væri í umdæmi þess og hvort lögheimilissveitarfélag geti neitað að greiða skólakostnað fyrir barn sem vistað er í öðru sveitarfélagi.

Sveitarfélag ber skyldur gagnvart skólaskyldum nemendum sem þar eiga lögheimili samanber 1. og 12. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Lögheimilissveitarfélagið ber ábyrgð á að nemandi njóti skólavistar þótt hann flytjist tímabundið annað.

Sveitarstjórn eða skólanefnd lögheimilissveitarfélagsins ber þá að semja við viðtökusveitarfélagið sem eftir það hefur sömu skyldur gagnvart skólavist aðkomunemandans og væri hann með lögheimili í viðtökusveitarfélaginu.

Í viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga er gengið út frá þessum grundvallaratriðum. Engu að síður er í reglunum sleginn sá varnagli að engu sveitarfélagi sé „skyld að taka við nemendum úr öðrum sveitarfélögum og greiðslubyrði fellur ekki á heimasveitarfélag nemanda nema það hafi samþykkt vistun hans í skóla hjá viðtökusveitarfélagi.“

Þessi regla er ekki í ósamræmi við lög sbr. álit félagsmálaráðuneytisins 19.12.1996. Við flutning grunnskólans til sveitarfélaga varð engin breyting á skyldum nemenda til að sækja skóla né skyldum hins opinbera til að sjá þeim fyrir skólavist. Það sem breyttist var að skyldur hins opinbera færðust á sveitarfélög.

Í ljósi þeirrar grundvallarskyldu sem hvílir á lögheimilissveitarfélagi, verður sú regla að skoðast eðlileg að skólaskyldir nemendur séu ekki vistaðir utan lögheimilissveitarfélags á skólatíma nema lögheimilissveitarfélag og viðtökusveitarfélag hafi gengið frá samkomulagi þar um og m.a. komið sér saman um kostnaðaruppgjör. Ágreiningi milli sveitarfélaga um fjármál og uppgjör þeirra í milli af þessum sökum verður ekki skotið til menntamálaráðuneytisins.

(Desember 1997)

## Skólasókn

### *Greiðslur vegna skólavistar í einkaskóla utan lögheimilissveitarfélags*

Foreldrar barns á grunnskólaaldri fóru fram á að menntamálaráðuneytið kannaði hvort synjun bæjarstjórnar [sveitarfélags X] á ósk um greiðslur vegna skólavistar barnsins í [einkaskóla X utan lögheimilissveitarfélags] fái staðist.

Með bréfi óskaði menntamálaráðuneytið eftir því að bæjarstjórn [sveitarfélags X] léti í té umsögn um málið og gerði grein fyrir þeim reglum og samþykktum sem lögju að baki synjuninni. Í svari bæjarstjórnar er vitnað í „Reglur um námsvist nemenda í grunnskólum utan sveitarfélags sem þeir eiga lögheimili í“ sem Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hafa sett. Einnig er vitnað í „Reglur um meðhöndlun umsókna um skólavist í öðru sveitarfélagi“ sem bæjarstjórn [sveitarfélags X] hefur samþykkt.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla er sveitarfélögum skylt að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6-16 ára. Skólanefnd ber að sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu samanber 12. gr. laganna. Í bréfi málsaðila eru ekki færð rök fyrir því að grunnskólalag í [sveitarfélagi X] standist ekki þessi ákvæði laganna. Foreldrum/forráðamönnum skólaskyldra barna er heimilt að setja börn sín í skóla utan sveitarfélags þess sem þeir eiga lögheimili í, kjósi þeir að nýta ekki þau skólatilboð sem lögheimilissveitarfélag býður fram. Að því tilskyldu að skólatilboð sveitarfélagsins uppfylli skilyrði grunnskólalaga og með hliðsjón af því að einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé, samanber 56. grein grunnskólalaga, lítur menntamálaráðuneytið svo á að ákvörðun um þátttöku lögheimilissveitarfélags í kostnaði sem fylgir skólavist í einkaskóla, sé alfarið í höndum sveitarstjórnar.

(September 1997)

## Starfsfólk grunnskóla

### *Um aðstoðarskólalaganna í grunnskólum*

Spurst var fyrir um ráðningu aðstoðarskólalaganna skv. 2. mgr. 23. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.

Í 2. mgr. 23. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla segir m.a.: „Í grunnskóla þar sem starfa 12 starfsmenn eða fleiri í fullu starfi, auk skólalaganna, skal sveitarstjórn ráða aðstoðarskólalaganna að fenginni tillögu skólalaganna.“

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. grunnskólalaganna er fjallað um 12 starfsmenn í fullu starfi þannig að starfsmenn í lágu stöðuhlutfalli þurfi ekki að teljast til þessa hóps. Verktakar s.s. bílstjórar teljast ekki til starfsfólks skóla. Varðandi ósk um skýringu á 7. lið samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 4. mars 1996 þá er þar fjallað um samráð ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd laga og setningu reglugerða.

Mikilvægt er fyrir ríki og sveitarfélög að yfirfærsla grunnskólans gangi sem hnökralausast fyrir sig og því voru aðilar sammála um að hafa samráð varðandi atriðin sem talin eru upp í 7. lið samkomulagsins.

(Júlí 1996)

## Starfsfólk grunnskóla

### *Um árganga- og fagstjórn í grunnskólum*

Spurt var hvort reglur um árganga- og fagstjórn væru enn í gildi eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaga.

Við flutning grunnskólans til sveitarfélaga var kostnaður við árganga- og fagstjórn tekinn með eins og önnur umsjón og stjórnun í grunnskólum.

Í grunnskólalögum er ekki minnst á árganga- og fagstjórn að öðru leyti en því að í 24. gr. er skólalögum heimilað að fela kennurum þessi störf samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Ekki er tilgreind í lögnum heimild til ráðherra að gefa út reglugerð eða reglur um árganga- og fagstjórn.

Við undirbúning að flutningi grunnskólans var almennur skilningur á því að störf sem fyrir voru í grunnskólum á meðan þeir voru hjá ríkinu, héldust áfram eftir flutninginn þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið. Því verður að líta svo á að sveitarfélög eigi að halda uppi árganga og fagstjórn a.m.k. í sama umfangi og áður var, en það sé sveitarstjórn og kennara að semja um fyrirkomulag og setja nýjar reglur eða komast að samkomulagi um að halda áfram að miða við þær reglur sem giltu fyrir flutninginn.

(Janúar 1997)

## Starfsfólk grunnskóla

### *Kvörtun undan kennsluháttum kennara*

Skólanefnd [skóla X] óskaði þess að ráðuneytið sæi til þess að börn í [X] bekk skólans fengju viðhlítandi kennslu og í samræmi við námskrá. Í erindinu og fylgiskjöllum er gerð grein fyrir aðfinnslum foreldra varðandi kennsluhætti tiltekins kennara.

Þar sem mál þetta lýtur að starfsskyldum kennara við [skóla X], sem telst starfsmaður viðkomandi sveitarfélaga, hefur menntamálaráðuneytið fram-sent erindið til stjórnar byggðasamlags [skóla X] til meðferðar og úrlausnar með vísan til 1., 6. og 7. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, sbr. og 2. mgr. 7. gr. stjórnáskilulaga nr. 37/1993.

(Október 1997)

## Starfsfólk grunnskóla

### *Ráðning skólastjóra grunnskóla*

Menntamálaráðuneytið tekur fram eftirfarandi vegna ráðningar skólastjóra grunnskóla.

Vilji skólastjóri láta af störfum skal hann tilkynna það skriflega til viðkomandi sveitarstjórnar eða skólanefndar með a.m.k. 3ja mánaða fyrirvara.

Þegar slík beiðni liggur fyrir auglýsir sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar stöðuna lausa til umsóknar í Lögbirtingablaðinu. Algengt er að lausar stöður skólastjóra séu einnig auglýstar í dagblöðum.

Umsóknir skulu berast sveitarstjórn eða skólanefnd eftir atvikum.

Sömu aðilar veita upplýsingar um stöðuna. Heimilt er þessum aðilum þó að óska eftir því við fráfarandi skólastjóra að hann veiti upplýsingar um starfið og stofnunina.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn, sem að jafnaði eru 4 vikur, gerir skólanefnd tillögu til sveitarstjórnar um hvern skuli ráða í stöðuna.

Sveitarstjórn ræður síðan nýjan skólastjóra, nema skólanefnd hafi til þess umboð.

Ofanritaðar upplýsingar eru byggðar á ákvæðum í lögum nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnanda grunnskóla, lögum nr. 66/1995 um grunnskóla og lögum nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

(Apríl 1998)

## Starfsfólk grunnskóla

### *Iðjuþjálfun grunnskólabarna*

Skólaskrifstofa [X] beindi eftirfarandi fyrirspurn til menntamálaráðherra.

Óskað var eftir álitum ráðuneytisins á spurningum um iðjuþjálfun grunnskólabarna.

Spurt er um skyldur sveitarfélaga til að sjá grunnskólabörnum fyrir iðjuþjálfun og hverjir eigi að bera kostnaðinn af iðjuþjálfun.

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 er hvergi vikið að skyldum til iðjuþjálfunar á vegum grunnskóla. Í reglugerð um sérfræðipjónustu skóla nr. 386/1996 er öllum sveitarfélögum, sem standa að rekstri grunnskóla, skylt að sjá skólunum fyrir sérfræðipjónustu, bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, er taki til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr. grunnskólalaga og sálfræðipjónustu. Í reglugerðinni er ekki gert ráð fyrir iðjuþjálfun grunnskólabarna. Í reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996 er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna iðjuþjálfunar grunnskólabarna.

Í lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 er vikið að iðjuþjálfun í XI. kafla um félagslega hæfingu og endurhæfingu og er í 26. gr. kveðið á um starfrækslu sérstakra hæfingar- og endurhæfingarstöðva og dagvistarstofnana fyrir fatlaða sem veitt geti m.a. iðjuþjálfun. Samkvæmt 3. gr. laganna fer félagsmálaráðherra með yfirstjórn málefna fatlaðra samkvæmt lögum þessum. Skal félagsmálaráðuneytið annast stefnumótun, gerð heildaráætlana og eftirlit með framkvæmd laganna.

Iðjuþjálfun sem hluti af hæfingu eða endurhæfingu getur einnig fallið innan verkswiðs heilbrigðisráðuneytisins samanber 19. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Menntamálaráðuneytið vísar því á félagsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið með frekari svör við spurningum um iðjuþjálfun grunnskólanemenda.

(Desember 1997)

## Starfsfólk grunnskóla

### *Efasemdir um hæfni kennara*

Menntamálaráðherra barst bréf frá nokkrum foreldrum við [grunnskóla X] í [sveitarfélagi Y] þar sem fram voru settar efasemdir um hæfni kennara við skólann.

Þar sem mál þetta lýtur að starfsskyldum kennara við [grunnskóla X], sem telst starfsmaður [sveitarfélags Y], hefur menntamálaráðuneytið framsent erindið til bæjarstjórnar [sveitarfélagi Y] til meðferðar og úrlausnar með vísan til 1., 6. og 7. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, sbr. og 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

(Júlí 1998)

## Starfstími grunnskóla

### Prófdagar í grunnskólum

Vegna fyrirspurna sem menntamálaráðuneytinu hafa borist bæði bréflaga og símleiðis um prófdaga í grunnskólum, skal eftirfarandi áréttað. Grunnskólalög kveða á um að skólaárið skuli vera níu mánuðir og skóladagar nemenda í grunnskólum skuli vera 170. Þessa 170 daga á að fara fram kennsla, próf og annað skólastarf. Lög segja hins vegar ekki til um hvert skuli vera hlutfall kennslu, formlegra prófa eða annars skólastarfs. Fram til ársins 1996 var í gildi reglugerð um starfstíma skóla. Í reglugerðinni var ákveðið hversu mörgum dögum á ári væri heimilt að verja í svokallaða prófdaga í stað kennslu og var þá miðað við að í 8.-10. bekk mætti ætla mest 10 daga á skólaári í hverjum bekk til formlegra prófa, samræmd próf þar meðtalin. Umrædd reglugerð er ekki lengur í gildi og grunnskólalög ætlast ekki til að menntamálaráðherra setji sérstakar reglur um fjölda prófdaga í grunnskólum. Hins vegar gera lögin hverjum skóla skylt að gefa skólanámskrá út árlega. Þar eiga að koma fram áætlanir skólans um skólastarfið m.a. um skólatíma, skóladagatal og fyrirkomulag námsmats.

Áætlun skólans um fjölda formlegra prófa og prófdaga á því að koma fram í skólanámskránni. Samkvæmt 31. gr. grunnskólalaga skal leggja skólanámskrá fyrir foreldraráð og skólanefnd til umsagnar ár hvert. Þessir aðilar eiga því að fá tækifæri til að gera athugasemdir við áætlanir skólans, m.a. áætlun um fjölda prófdaga.

Þá skal bent á ákvæði í 14. gr. laganna þar sem skólastjóra er gert skylt að boða a.m.k. tvisvar á ári til sameiginlegra funda nemendaráðs, foreldraráðs og kennararáðs. Slikir fundir geta verið vettvangur fyrir nemendur og foreldra til að fá upplýsingar og koma athugasemdum um skipulag skólastarfsins á framfæri.

(Desember 1996)

# Starfstími grunnskóla

## Kennsludagar grunnskólanemenda

Í tilefni af fyrirspurnum sem menntamálaráðuneytinu hafa borist frá Samtökum foreldrafélaga við grunnskóla Reykjavíkur varðandi fjölda skóladaga nemenda í grunnskólum, vill ráðuneytið koma eftirfarandi á framfæri. Í grunnskólalögunum er skýrt kveðið á um að kennsludagar nemenda á skólaári (kennsla, próf og aðrir starfsdagar nemenda) skuli eigi vera færri en 170 (26. gr.). Vikulegur kennslutími nemenda er mismunandi eftir bekkjum og heildarstundafjöldi á skólaári því mismunandi. Vikulegur kennslustundafjöldi nemenda í grunnskólum skólaárið 1996-97 á að vera þessi að lágmarki samkvæmt auglýsingu menntamálaráðuneytisins (Stjtið. B, nr. 437/1996):

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Kennslustundir	27	27	27	27	30	32	34	35	35	35

Ekki er lengur í lögum heimild til útgáfu sérstakrar reglugerðar um starfstíma grunnskóla. Grunnskólalögin ætlast til að hver skóli geri skólanámskrá þar sem m.a. á að koma fram starfsáætlun skólans, skólatími, skóladagatal, kennsluskipan o.fl. Foreldraráð hvers skóla svo og skólanefnd á að fjalla um starfsáætlanir skólans og veita umsögn um skólanámskrána ár hvert.

Við flutning grunnskólans til sveitarfélaga færðist ábyrgð á grunnskólahaldi í hendur sveitarfélaga. Við flutninginn breyttist einnig verksvið menntamálaráðuneytisins að því er varðar málefni grunnskóla. Ráðuneytinu ber að hafa eftirlit með framkvæmd skólahalds og afla upplýsinga um stöðu mála. Til að mæta þessu breytta hlutverki hefur verið sett á stofn ný deild í ráðuneytinu, mats- og eftirlitsdeild. Ráðuneytið mun afla upplýsinga að loknu skólaárinu 1996-97 um framkvæmd grunnskólalahalds í landinu og verður þá m.a. kannað hvort nemendur hafa fengið þá kennslu sem lög kveða á um.

(Október 1996)

## Starfstími grunnskóla

### *Vikulegur kennslustundafjöldi*

Menntamálaráðuneytinu hafa borist svör [skólaskrifstofu] dags. 17. desember 1996 við bréfi ráðuneytisins frá 21. nóv. 1996 þar sem óskað var upplýsinga og skýringa af hálfu [skólaskrifstofu] á fjölda kennslustunda á viku í 6. bekk í [skóla].

Samkvæmt 2. gr. auglýsingar um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla nr. 437/1996 skal vikulegur kennslutími nemenda í 6. bekk grunnskóla skólaárið 1996-97 vera að lágmarki sem svara 32 fjörutíu mínútna kennslustundum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum nær kennslutími 6. bekkjar [skóla] ekki þessu lágmarki skólaárið 1996-97 og virðist vanta 3-4 stundir uppá þann lágmarkstíma á viku sem nemendum í 6. bekk ber samkvæmt 5. gr. laga nr. 77/1996 um breytingu á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla og auglýsingu nr. 437/1996.

Af hálfu skólans eru gefnar tvær skýringar. Annars vegar að um sé að ræða húsnæðisþrengsl, hins vegar að nemendastundum fækki vegna skiptitíma. Í bréfi [fræðslufirvalda í sveitarfélaginu] dags. 11. okt. 1996 er frá því skýrt að bekknum sé skipt í sundi, handmennt, heimilisfræði, tölvutímum og myndmennt og skýrir það fækkun um 3,5 kennslustundum á viku að meðaltali. Að mati ráðuneytisins eru framkomnar skýringar ekki fullnægjandi ástæða til þess að réttur nemenda til lágmarks stundafjölda á viku, sem þeim skal tryggður samkvæmt lögum, sé skertur.

Menntamálaráðuneytið telur ljóst að nemendur 6. bekkjar [skóla] fái ekki þá lágmarkskennslu á viku sem lög og reglur kveða á um. Af þessu tilefni hefur ráðuneytið ritað [sveitarstjórn] bréf sem fylgir hér með í ljósriti, þar sem ákvæði laga og reglugerða um kennslutíma nemenda eru ítrekuð og áréttað við [fræðslufirvalda í sveitarfélaginu] að nemendur í grunnskólum [í sveitarfélaginu] fái þann vikulega kennslutíma sem lög kveða á um.

(Febrúar 1997)



## Starfstími grunnskóla

### Árlegur starfstími skóla- 170 kennsludagar

Skólaskrifstofa [X] beindi eftirfarandi fyrirspurn til menntamálaráðherra. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla með síðari breytingum, á starfstími grunnskóla að vera 9 mánuðir og kennsludagar að lágmarki 170. Spurt er hvort kenna megi skemur en 9 mánuði og á færri kennsludögum en 170 ef heildarkennslustundafjöldinn sem nemendur eiga að fá er ekki skertur.

Í greinargerð með 26. gr. eru tilfærð rök fyrir lágmarksviðveru nemenda í 170 skóladaga. Meginrökin eru þau að nemendur hafi ekki áður, þrátt fyrir skilgreiningu fyrri laga um lágmarkstíma, notið kennslu nema í 144-155 daga á ári. Samkvæmt þessu ætti að halda fast við viðveru í 170 daga.

Í þessu sambandi er þó vert að líta á 31. gr. grunnskólalaganna. Skólanámskrá er starfsáætlun skóla og skal hún borin undir skólanefnd og foreldraráð skólans. Í skólanámskrá á m.a. að gera grein fyrir skólatíma og skóladagatali. Ef þess er gætt að nemendur fái þann heildarstundafjölda sem jafngildir 170 kennsludögum án þess að um óhóflegt vinnuálag sé að ræða samanber 27. gr., getur skóli gert grein fyrir slíkum starfstíma í skólanámskrá og borið hana undir skólanefnd og foreldraráð. Samþykki þessir aðilar áætlunina og fái nemendur þann heildarkennslutíma sem þeim ber, má telja eðlilegt að víkja frá reglunni um 170 kennsludaga. Á sama hátt má hugsa sér lengri starfstíma en 170 daga. Í síðustu mgr. greinargerðar með 26. gr. frumvarps er að finna frekari stuðning við þessa niðurstöðu. Ennfremur er í 12. gr. grunnskólalaganna beinlínis sagt að skólanefnd skuli staðfesta áætlun um starfstíma nemenda ár hvert.

(Nóvember 1997)

## Starfstími grunnskóla

### *Kennsludagar grunnskólanemenda*

Oskað var eftir að menntamálaráðherra úrskurðaði hvort kennsludagar nemenda í grunnskólum skyldu vera 170 eða ekki.

Í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, sbr. 4. gr. laga nr. 77/1996 um breyting á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla, er skýrt kveðið á um að kennsludagar nemenda á skólaári skuli eigi vera færri en 170. Jafnframt vísast til c liðar 2. gr. auglýsingar nr. 437/1996 um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla. Ennfremur vísast til skóladagatala fyrir skólaárið 1996-97 en þar kemur fram að skóladagar nemenda, þ.e. kennslu- og prófadagar og aðrir starfsdagar nemenda, skuli ekki vera færri en 170. Sérstakir starfsdagar kennara á skólaárinu eru fimm og skulu þeir ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Skyggðir dagar á skóladagatali eru lögboðnir leyfis dagar nemenda.

Hvað varðar skipulag skólastarfs t.d. vegna foreldraviðtala eða starfsdaga kennara lítur ráðuneytið svo á að það sé á ábyrgð hvers skólastjóra í samráði við kennara að skipuleggja skólastarfið á þann veg að það hafi ekki í för með sér niðurfellingu á lögboðnum kennsludagafjölda nemenda, þ.e. þeim 170 dögum sem kveðið er á um í fyrrgreindum lögum og reglugerð. Í 31. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla er kveðið á um að hver skóli skuli árlega gefa út skólanámskrá. Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan o.fl. Samkvæmt 16. gr. laganna skal foreldraráð hvers skóla veita skólanum umsögn um skólanámskrá og gefst þar með tækifæri til að bregðast við áætlunum skólans.

(September 1996)

## Starfstími grunnskóla

### Námsmatsdagur/foreldradagur

Leitað var álits menntamálaráðuneytisins á því hvort sérstakur námsmatsdagur/ foreldradagur í [grunnskóla X], samkvæmt starfsáætlun skólans, teljist skóladagur eða ekki. Í bréfinu er gerð grein fyrir skipulagi þessa fyrirhugaða námsmatsdags og fram kemur að fundur kennara við skólann hafi samhljóða samþykkt starfsáætlun skólans og að foreldraráð [grunnskólans X] hafi sömuleiðis samþykkt starfsáætlunina athugasemdalaust.

Í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, sbr. 4. gr. laga nr. 77/1996 um breyting á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla, er skýrt kveðið á um að kennsludagar nemenda, þ.e. kennslu- og prófadagar, skuli ekki vera færri en 170. Visast ennfremur til c liðar 2. gr. auglýsingar nr. 437/1996 um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla. Í auglýsingunni kemur í c lið einnig fram heildarstundafjöldi nemenda á skólaári. Í d lið auglýsingarinnar er kveðið á um skiptingu kennslutíma á námsgreinar og námsár sem skuli vera sem næst tölflu þeirri sem birt er í auglýsingunni. Þar kemur fram að til ráðstöfunar skóla er 17,5% af heildarnemendastundum í grunnskóla.

Ráðuneytið lítur svo á að skólar hafi ákveðið svigrúm til að skipuleggja kennslu og annað skólastarf á skólaárinu, eins og fram kemur í auglýsingu nr. 437/1996 um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla og ákvæðum í lögum um grunnskóla um gerð skólanámskrár. Hins vegar þarf að gæta þess að nemendur hljóti lögbundna kennslu í öllum skyldunámsgreinum og að skólinn nái að uppfylla ákvæði um heildarstundafjölda nemenda á skólaárinu.

Ráðuneytið lítur svo á að sé nemendum í [grunnskóla X] gert skylt að mæta í skóla þennan námsmatsdag/foreldradag og starfa þar svipaðan tíma og gert er ráð fyrir í stundaskrá, teljist umræddur dagur í [grunnskóla X] kennsludagur, sbr. 27. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

Ráðuneytið ítrekar að samkvæmt 31. gr. grunnskólalaga skal leggja skólanámskrá fyrir foreldraráð og skólanefnd til umsagnar ár hvert. Þessir aðilar eiga því að fá tækifæri til að gera athugasemdir við áætlanir skólans.

(Ágúst 1997)

## Undanþága frá skyldunámi

### *Undanþága frá skólaípróttum*

Farið var fram á að nemendur í úrvalsflokkum Listdansskólans fengju nám sitt viðurkennt sem jafngildi ípróttanáms í grunnskólum.

Menntamálaráðherra hefur ákveðið, með tilvísun til 35. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, að heimila að nám í úrvalsflokkum í listdansi við Listdansskóla Íslands verði metið sem jafngildi náms í skólaípróttum í grunnskóla. Sund er hér undanskilið.

Foreldrar/forráðamenn nemenda sem stunda nám í úrvalsflokkum í listdansi við Listdansskólann skulu sjá um að tilkynna skólustjóra viðkomandi grunnskóla að vori hvort barn þeirra ætlar að nýta sér undanþágu frá því að sækja tíma í skólaípróttum. Skólustjóri Listdansskóla Íslands skal upplýsa foreldra/forráðamenn um þetta atriði.

Listdansskólinn skal árlega veita ráðuneytinu og skólanefnd viðkomandi grunnskóla upplýsingar um fjölda þeirra nemenda sem nýta sér undanþágu frá skólaípróttum.

(Október 1995)

## Undanþága frá skyldunámi

### *Undanþága nýbúa frá dönsku*

Þess hefur verið farið á leit að menntamálaráðherra veiti [nemanda] undanþága frá skyldunámi í dönsku á grundvelli 5. mgr. 35. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Jafnframt er þess óskað að móðurmál [nemandans] verði metið í stað dönsku til samræmds prófs. Bréf þar að lútandi er undirritað af [nemanda], forráðamönnum og viðkomandi skólustjóra.

Á grundvelli framangreindrar lagagreinar veitir menntamálaráðherra hér með [nemanda] undanþágu frá skyldunámi í dönsku í grunnskóla og er hann þar með undanþeginn frá samræmdu lokaprófi í dönsku í 10. bekk.

Varðandi beiðni yðar um að móðurmál [nemandans] verði metið í stað dönsku til samræmds prófs er tekið fram að einvörðungu liggur fyrir ákvörðun um samræmd próf í 10. bekk í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði og fara því ekki fram samræmd próf í öðrum námsgreinum.

Ráðuneytið bendir yður á að skólinn getur lagt próf fyrir nemandann í móðurmáli hans og fært það inn á vitnisburðarblað við lok grunnskólagöngu sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 387/1996 um valgreinar í grunnskólum. Í lögum nr. 66/1995 um grunnskóla er ekki kveðið á um að önnur námsgrein skuli koma í stað þeirrar námsgreinar sem undanþága er veitt frá. Ekki er heldur gert ráð fyrir að nemandi sem er undanþeginn frá skyldunámi í ákveðinni grein eigi rétt á samræmdu prófi í annarri námsgrein s.s. móðurmáli sínu.

(Mars 1997)

## Undanþága frá skyldunámi

### *Undanþága frá almennu námi í 7. bekk*

Skólastjóri í [grunnskóla X] formaður skólanefndar röktu vandamál vegna nemanda í 7. bekk og fóru fram á að menntamálaráðuneytið veitti umræddum nemanda undanþágu frá hefðbundinni kennslu í [grunnskóla X].

Fram kemur að barnaverndarnefnd hafi haft mál nemandans til umfjöllunar og sótt hafi verið um vistun fyrir hann á Stuðlum. Ráðuneytið bendir á að kennsla sem Einholtsskóli í Reykjavík skipuleggur, er veitt á meðan ungmennti dvelja á Stuðlum. Ekki er því þörf á sérstakri undanþágu af hálfu menntamálaráðuneytisins í slíkum tilvikum. Bent skal á að heimild í 35. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla til að veita undanþágu frá skyldunámi, á við um einstakar námsgreinar en ekki undanþágu frá skyldunámi almennt.

Ráðuneytið telur rétt, ef umræddur nemandi á enn skólasókn í [grunnskóla X], að látið verði reyna á skólasókn hans á nýju skólaári enda ber skólanefnd skylda til að sjá öllum nemendum fyrir lögboðinni fræðslu samanber 12. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

(Ágúst 1997)

## Undanþága frá skyldunámi

### *Undanþága frá skyldunámi í einstökum skyldunámsgreinum*

Spurst var fyrir um undanþágu frá skyldunámi í einstökum skyldunámsgreinum.

Samkvæmt lögum nr. 66/1995 um grunnskóla er nemendum á grunnskólaaldri skylt að stunda nám í skyldunámsgreinum sem tilgreindar eru í 30. laganna og aðalnámskrá grunnskóla.

Í 35. gr. grunnskólalaganna er menntamálaráðherra veitt heimild til að veita nemendum undanþágu frá skyldunámi í einstökum námsgreinum ef gild rök mæla með því. Þetta gildir um hvaða skyldunámsgrein sem er. Á nýliðnu skólaári voru nokkrum tugum nemenda veittar undanþágur frá dönskunámi, oftast nýbúum eða nemendum sem voru að koma heim eftir langa dvöl erlendis. Sjaldgæfara er að beðið sé um undanþágur frá öðrum námsgreinum. Senda þarf ráðuneytinu beiðni um undanþágu með rökstuðningi. Skilyrði fyrir undanþágu er að gild rök mæli með henni og að foreldrar séu samþykkir og staðfesti undanþágubeiðni ásamt skólasjóra.

Inntaka nemenda í framhaldsskóla er á ábyrgð viðkomandi skólameistara. Þeir nemendur sem fengið hafa undanþágu frá dönskunámi í grunnskóla hafa fram til þessa yfirleitt mætt skilningi í framhaldsskóla og jafnvel fengið kunnáttu í öðrum tungumálum viðurkennda í stað dönsku. Hinsvegar er augljóst að undanþágur frá skyldunámi í fleiri en einni námsgrein, geta útilokað nemanda frá námi til stúdentsprófs og takmarkað mjög möguleika til náms í löggiltum iðngreinum.

(Júlí 1998)

## Undanþága frá skyldunámi

### *Undanþága frá því að uppfylla ákvæði um 9 mánaða árlegan skólatíma*

Vísað er til bréfs oddvita þar sem óskað er eftir undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 26. greinar laga nr. 66/1995 um grunnskóla, með síðari breytingum um níu mánaða starfstíma og 170 kennsludaga.

Samkvæmt heimild í 26. grein og með tilvísun í 5. grein grunnskólalaga fellst menntamálaráðuneytið á að [grunnskóli X] starfi í átta og hálfan mánuð skólaárið 1998-99.

Hér með er ítrekað vakin athygli á því að heimildin er aðeins veitt til eins árs. Ráðuneytið væntir þess að allir grunnskólar starfi í níu mánuði og að allir nemendur njóti minnst 170 kennsludaga á ári eins og lög gera ráð fyrir.

(Maí 1998)

## Undanþága frá skyldunámi

### *Undanþágur frá kennslu erlendra mála*

Skólaskrifstofa [X] beindi eftirfarandi fyrirspurn til menntamálaráðherra.

Samkvæmt 30. gr. grunnskólalaganna skal setja ákvæði um inntak og skipulag skyldunáms í aðalnámskrá á þeim sviðum sem 2. mgr. 30. gr. segi til um. Samkvæmt 30. gr. eru enska og danska skyldunámsgreinar en veita má nemanda undanþágu frá dönskunámi ef hann stundar annað Noðurlandamál (norsku/sænsku) í staðinn.

Samkvæmt 5. mgr. 35. gr. grunnskólalaganna getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Meta verður í hverju tilviki hvað teljast vera gild rök. Sem dæmi má nefna dönskunám nýbúa en það hefur haft nokkra sérstöðu í þessu sambandi. Á skólaárinu 1996-97 og 1997-98 hefur ráðherra veitt einstökum nemendum allmargar undanþágur á slíkum forsendum. Hafa þá verið metin gild þau rök að nýbúanum kæmi betur að einbeita sér að því að læra íslensku en dönsku. Dæmi eru einnig um slíkar undanþágur frá dönsku þegar nemendur, sem koma heim eftir langa dvöl erlendis utan Norðurlanda, hafa sest í 9. eða 10. bekk.

Rétt er að benda á í þessu sambandi að undanþága frá því að stunda nám í tiltekinni námsgrein, þýðir sjálfkrafa að nemandinn gengst ekki undir samræmt próf í greininni ef svo vill til að um samræmt próf sé að ræða í viðkomandi námsgrein.

Loks skal vakin athygli á annmörkum á undanþágum frá því að stunda nám í tiltekinni skyldunámsgrein. Það er t.d. hæpið að veita íslenskum nemanda í íslenskum grunnskóla undanþágu frá því að læra íslensku. Einnig kann það að vefjast fyrir mönnum að gefa undanþágu frá skyldunámsgrein snemma á skólagöngunni.

(Nóvember 1997)

## **Pátttaka foreldra í kostnaði**

### *Kaup nemenda á ritvélum*

Oskað var eftir úrskurði menntamálaráðuneytisins um hvort heimilt sé að krefja nemendur um að leggja til ritvélar vegna vélritunarkennslu í grunnskóla.

Samkvæmt 33. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 skal kennsla í skyldunámi í opinberum skólum veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslur fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni er nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga um grunnskóla og aðalnámskrá. Í reglugerð um valgreinar nr. 387/1996 segir í 3. gr. „Valgreinar eru hluti af skyldunámi og því skal kennslan veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu. Óheimilt er að krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslur fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í valgreinanámi.“

Grunnskólar skulu fá staðfestingu sveitarstjórnar áður en valgreinar eru boðnar fram enda er framboð og kostnaður við einstakar valgreinar háð samþykki sveitarstjórnar.

Löng hefð er fyrir því í skólum að kenna vélritun sem valgrein í 9. eða 10. bekk grunnskóla. Með bréfi frá menntamálaráðuneytinu dags. 25. ágúst 1991, felldi ráðuneytið þann úrskurð að ritvélar væru kennslutæki. Orðrétt segir í þeim úrskurði: „Skólar sem bjóða vélritun sem valgrein verða því að hafa ritvélar til afnota fyrir nemendur eða útvega þær nemendum að kostnaðarlausu.“ Úrskurður þessi var sendur öllum fræðslustjórum og skólástjórum grunnskóla. Menntamálaráðuneytið lítur svo á að skólum sé óheimilt að krefjast þess að nemendur í grunnskóla eða forráðamenn þeirra leggi til ritvélar, sé boðið upp á slíka kennslu í skólanum sem hluta af valgreinanámi skólans.

(September 1996)

## **Pátttaka foreldra í kostnaði**

### *Frjáls framlög foreldra í tækjasjóð grunnskóla*

Frjáls framlög foreldra í tækjasjóð foreldraráðs tiltekins skóla voru borin undir menntamálaráðuneytið. Bréfinu fylgdi afrit af bréfi til forráðamanna nemenda undirritað af formanni foreldraráðs skólans.

Á meðan um er að ræða frjáls framlög og ráðstöfun sjóðsins er alfarið í höndum forráðamanna nemenda, sér ráðuneytið ekki ástæðu til að gera athugasemdir.

Minnt skal á ákvæði 21. greinar grunnskólalaganna þar sem segir að sveitarfélögum sé skylt að annast og kosta viðhald skólahúsa og endurnýjun og viðhald búnaðar þeirra á fullnægjandi hátt. Ennfremur er bent á ákvæði 33. greinar laganna um að óheimilt sé að krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslur fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu samkvæmt grunnskólalögunum og aðalnámskrá grunnskóla.

(Nóvember 1996)

## **Pátttaka foreldra í kostnaði**

### *Valgreinar í grunnskóla, greiðslur fyrir námsefni*

Menntamálaráðuneytinu hefur borist beiðni um að úrskurða hvort heimilt sé að krefja nemendur í grunnskóla um greiðslur fyrir námsgögn í valgreinum. Af þessu tilefni vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram.

Niðurstaða Umboðsmanns Alþingis frá 30. ágúst 1990 vegna kærumáls nr 32/1988 var í hnotskurn sú að skólum væri ekki heimilt að innheimta gjald af nemendum fyrir kennslu, námsgögn eða annað sem þeim er gert skylt að nota vegna lögboðins náms í grunnskóla. Þessi niðurstaða var höfð til hliðsjónar við setningu laga nr. 66/1995 um grunnskóla sbr. 33. grein laganna þar sem skýrt er kveðið á um að óheimilt sé að krefja nemendur í grunnskólum um greiðslu fyrir m.a. kennslu og námsgögn.

Í reglugerð um valgreinar nr. 387/1996 er við það miðað að valgreinar í grunnskóla séu hluti af skyldunámi og því skuli þær vera nemendum að kostnaðarlausu. Þetta er skýrt tekið fram í 3. gr. reglugerðarinnar. Í 2. gr. er gert ráð fyrir að valgreinatilboð skóla þurfi samþykki sveitarstjórnar, enda greiði sveitarstjórn kostnað. Námsgrein sem skilgreind er sem valgrein í grunnskóla fellur því undir ákvæði 33. gr. grunnskólaganna og ákvæði ofangreindrar reglugerðar um valgreinar.

Vikulegur kennslutími nemenda í 10. bekk á að vera 35 kennslustundir á viku. Allt að þriðjungi þess tíma má verja til valgreina sem teljast þar með til skyldunáms og lúta ákvæðum grunnskólaganna og reglugerðar um valgreinar.

(September 1996)

## **Pátttaka foreldra í kostnaði**

### *Framlag nemenda vegna efnis í handmennt*

Óski nemandi í handmennt eftir að takast á við stærra verkefni en í boði er í skólanum er þá í lagi að hann leggi til efnis sjálfur?

Handmennt er skyldunámsgrein samkvæmt gildandi aðalnámskrá grunnskóla. Samkvæmt 33. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, skal kennsla í skyldunámi vera nemendum að kostnaðarlausu, svo og námsgögn og annað efni sem þeim er gert skylt að nota. Svo fremi sem skólinn heldur uppi lögboðnu námi í handmennt og lætur í té það efni sem til þess þarf, nemendum að kostnaðarlausu, sér menntamálaráðuneytið ekkert því til fyrirstöðu að nemandi og foreldrar/forráðamenn hans leggi fram viðbótarefni, enda stríði það ekki gegn markmiðum náms í handmennt.

(Nóvember 1997)



# Öryggismál

## Öryggi nemenda - ábyrgð kennara

Oskað var eftir túlkun menntamálaráðuneytisins á því hvaða úrræði kennari geti beitt telji hann sig ekki geta tryggt öryggi nemenda sinna. Í erindinu er vísað til nýfallinna dóma í Héraðsdómi og Hæstaréttardómi sem snerta störf íþróttakennara.

Menntamálaráðuneytið lítur svo á að skólar eigi að gæta þess í hvívetna að öryggi barna sé tryggt eins og framast er unnt meðan þau dvelja í skólanum, í öllu vegum skólans, í skólabifreiðum og á heimavistum. Foreldrar eiga að geta treyst að börn þeirra séu í öruggum höndum í öllu starfi á vegum grunnskóla. Ef nemandi lendir í óhappi eða slysi í starfi á vegum skólans ber skólanum að tryggja að nemandi komist sem fyrst undir læknishendur, sé ekki hægt að leysa málið innan skólans.

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995 er öllum grunnskólum gert skylt að gera árlega skólanámskrá. Nauðsynlegt er að m.a. komi fram í skólanámskrám hvernig staðið er að heilsugæslu og slysavörnum í skólanum. Mikilvægt er að hafa skýrar reglur um öryggismál og slysavarnir í skólum, þær séu birtar og sannanlega kynntar öllu starfsfólki skóla, nemendum og foreldrum. Mikilvægt er að starfsfólki skólans, nemendum og foreldrum sé ljóst hvernig eigi að bregðast við ef nemandi lendir í óhappi eða slysi. Með skýrum reglum sem allir í skólanum gera sér grein fyrir má auka öryggi nemenda.

Þegar slys eða óhapp verður er mikilvægt að skrá rækilega atburðarás, halda dagbók og leita aðstoðar heilsugæslu eða sérfræðipjónustu eftir því sem þörf krefur. Leiki vafi á að öryggismál séu í nægjanlega góðu lagi er mikilvægt að gerð sé úttekt á öryggismálum. t.d. á tækjum í smíðastofu, áhöldum í íþróttum, sundlaug, leiktækjum og brunavörnum. Í kjölfarið er brýnt að viðeigandi atriði séu lagfærð.

Telji kennari sig ekki geta tryggt öryggi nemenda sinna ber honum að greina skólastjóra frá áhyggjum sínum tafarlaust og óskum um úrbætur. Það fer eftir eðli máls hverju sinni til hvaða aðgerða skólastjóri grípur. Yfirleitt er ráðlegt, bæði fyrir kennara og skólastjóra, að koma ábendingum sínum eða umkvörtunum á framfæri skriflega.

Að öðru leyti skal minnt skyldur skólanefnda samkvæmt 3. mgr. 12. gr. grunnskólalaga og að öryggismál sem varða grunnskólanemendur geta fallið undir önnur ráðuneyti s.s. umhverfisráðuneytið (brunavarnir, hollustuvernd), dómsmálaráðuneytið (umferðaröryggi), heilbrigðisráðuneyti og Landlæknisembættið (forvarnir).

(Ágúst 1997)

# Öryggismál

## Starfsáætlun í umferðaröryggismálum

Oskað var eftir því að menntamálaráðuneytið sendi skrifstofu Umferðarráðs starfsáætlun á sviði umferðaröryggismála fyrir árið 1998.

Menntamálaráðuneytið vinnur ekki sérstaka áætlun vegna umferðaröryggismála. Í aðalnámskrá grunnskóla eru ákvæði um umferðarfræðslu og einnig í uppeldisáætlun fyrir leikskóla. Aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla eru nú í endurskoðun og gert er ráð fyrir nýrri námsgrein, lífsleikni, bæði í grunn- og framhaldsskólum, þar sem m.a. verður tekið á ýmsum þáttum sem snúa að öryggismálum, þ.m.t. umferðarfræðslu. Stefnt er að útgáfu nýrrar aðalnámskrár síðar á þessu ári.

Grunn- og framhaldsskólar eiga að vinna skólanámskrár ár hvert. Í 31. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 segir: „Í hverjum skóla skal árlega gefa út skólanámskrá og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er unnin af kennurum skólans. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá og tekur mið að sérstöðu skólans og aðstæðum. Hún er starfsáætlun skóla þar sem m.a. skal gerð grein fyrir skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, mati á skólastarfi, slysavörnum, félagslífi í skólanum og öðru því sem varðar starfsemi skólans. Skólanámskrá skal lögð fyrir skólanefnd og foreldraráð til umsagnar ár hvert.“

Menntamálaráðuneytið bendir á að áætlanir grunn- og framhaldsskóla í umferðarfræðslu og umferðaröryggismálum ættu að koma fram í skólanámskrám viðkomandi skóla. Óski Umferðarráð eftir slíkum áætlunum er eðlilegast að snúa sér beint til viðkomandi skóla. Ráðuneytið leggur mikla áherslu á að skólanefnd og foreldraráð fái skólanámskrár skóla til umsagnar ár hvert og að skólanámskráin sé almennt kynnt foreldrum.

(Apríl 1998)

# Öryggismál

## Skólaferðalög

Oskað var svara við spurningum um skólaferðalög.

1. **Er grunnskólanemandi í skólaferðalagi á vegum skólans, í grunnskólanum eða ekki?**

Samkvæmt 10. grein laga nr. 66/1995 um grunnskóla er allur rekstur almennra grunnskóla á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Hver skóli ákveður hvort ferðalög nemenda eru farin á skólatíma eða utan hans og hvort ferðalag er hluti skólastarfsins eða ekki. Spurningunni verður því að vísa til viðkomandi skóla þar sem nemendinn stundar nám.

2. **Hvaða lög og eða reglugerðir gilda um skólaferðalög grunnskólanemenda?**

Engin sérstök lög eða reglugerðir gilda um skólaferðalög. Bent skal á að skv. 31. grein grunnskólalaga er skólum skylt að gefa út skólanámskrá, sem er starfsáætlun skóla, þar sem gerð er grein fyrir öllu því sem varðar starfsemi skóla. Skólanámskrá skal lögð fyrir skólanefnd og foreldraráð til umsagnar hvert ár.

(Janúar 1998)

## Önnur mál

### *Reglur um menntun flóttamanna*

Oskað var eftir afriti af reglum sem gilda um menntun flóttamanna sem til Íslands koma, rétt þeirra til skólagöngu, rétt þeirra til að læra íslensku og rétt þeirra til að læra eigið tungumál.

Ekki er sérstaklega fjallað um réttarstöðu flóttamanna í íslenskri skólalöggjöf frekar en í annarri löggjöf. Bent er á eftirfarandi:

15. gr. leikskólalaga nr. 78/1994, 2. málsl. 1. mgr. 1.gr., 36.gr. og 2. mgr. 43.gr. grunnskólalaga nr. 66/1995 með áorðnum breytingum, 14. gr., 15. gr., 18. gr. og 20. gr.; framhaldsskólalaga nr. 80/1996 með áorðnum breytingum, 7.gr. laga um háskóla nr. 137/1997 21. gr. laga nr. 131/1990 um Háskóla Íslands með áorðnum breytingum og 15. gr. laga nr. 51/1992 um Háskólann á Akureyri.

Ennfremur er bent á eftirtaldar reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laga um grunnskóla: Reglugerð nr. 391/1996 um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku, reglugerð nr. 386/1996 um sérfræðipjónustu skóla, sjá einkum 4. gr.

Þá er bent á eftirtaldar reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli framhaldsskólalaga: Reglugerð nr. 179/1997 um fullorðinsfræðslu og endurmenntun og reglugerð nr. 329/1997 um sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum.

Ofangreindar reglur eru birtar í Stjórnartíðindum og á heimasíðu ráðuneytisins, slóð: [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is).

Fulltrúi menntamálaráðuneytisins situr í flóttamannaráði, sem skipað er af félagsmálaráðuneytinu.

(Mars 1998)